

**SIGRÍÐUR ÞORVALDS  
UNGFRÚ ÍSLAND '58**

**DANSÐI VIÐ KIRK DOUGLAS**



**DORRIT OG ÓLAFUR  
ALLTAF ÁSTFANGIN**



**395kr.-**  
blöð í  
þrjú einu

# hér & nú

Fimmtudagur 17. nóvember 2005 – 26. tbl. – 1. árgangur – Verð: 395 krónur

## STJÖRNURNAR SKINU SKÆRT Á EDDUNNI



**DÝRASTI  
KJÓLLINN!**  
SÉRSAUMABUR ÚR HREINDÝRI!



**1600 KRÓNA  
KJÓLL!**

**RISAÚTTEKT 8 SÍÐUR!**



**FLÖTTASTI  
GÆNN!**



**FLÖTTASTU  
FEDGINN!**



**DÝRASTA  
TASKAN!**



**FLÖTTASTA  
PARÍÐ!**



## ÓLÉTT OG ÁSTFANGIN

**ILMUR FLUTT TIL ARA Á ÞÓRSGÖTUNA**

ISSN 1670-598X



9 771670 598005

L' O R

**12 SINNUM MEIRA UMFANG AUGNHÁRANNA.  
TAKMARKALOUS DJÖRFUNG!**

Aishwarya Rai sést hér með Volume Shocking í svörtum lit

# É

# A

# L

PARIS

## NÝTT VOLUME SHOCKING

TVÖFALDUR MASKARI SEM EYKUR UMFANG AUGNHÁRANNA

**SKREF 1:** Grunnur sem undirbýr og mótar augnhárin þannig að útkoman verður enn greinilegri.



**SKREF 2:** Greiða sem inniheldur maskara auk blöndu sem eykur umfang augnháranna og lengir þau.

4 ára rannsóknir á 16 einstaklingum. Vísindalega sönnuð áhrif. ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILID.

# L'ORÉAL PARIS

# HYDROXYCUT

## ÞAÐ VIRKAR!

**Hydroxycut** er eitt mest selda fitubrennslufni í heiminum undanfarin ár og ekki að ástæðulausu. Það er einfaldlega eitt kröftugasta fæðubótarefni sem völ er á þegar ætlunin er að tálga af sér aukakílóin.

**Hydroxycut** hækkar hitastig líkamans og eykur þannig grunnbrennsluna margfalt. Það minnkar einnig matarlyst og kemur í veg fyrir að líkaminn nái að breyta kolvetnum í fitu. Það hentar jafnt konum sem körlum og hvort sem notandinn stundar æfingar eða ekki.

**Hydroxycut** fæst í stórmörkuðum og apótekum um land allt.



 **FITNESS  
SPORT**

LAGGAR og Faxafeni 8

# hér & nú

3 blöð  
í einu



6

## STJÖRNUFRÉTTIR

**6** Ilmur Kristjánsdóttir og Ari Sigvaldason ástfangin og ólétt.

**7** Eddan: Hver voru flottustu pörin á hátíðinni?

**9** Eddan: Eva María Jónsdóttir. Flottari eftir þrjú börn.

**10-11** Eddan: Flottustu kjólarinn og heitustu skórnir.

**12-13** Eddan: Leikkonur í sérhönnuðum kjólum. Mæðgur í vintage og Páll Óskar langvalasti gaurinn á Eddunni.

**14-15** Eddan: Sívía Nótt eins og flippuð Dorrit. Frægir með dætrum sínum og hvítir skór við svört jakkaföt.

**16** Erlendir molar. Allar heitustu fréttirnar af fræga fólkinu í Hollywood.

**18** Quentin Tarantino leikstjórinn frægi var heillaður af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra.

**19** Unnur Birna fær förðunar-meistara til Kína fyrir keppnina.

**20-21** Innlendir molar: Fréttir af íslensku fólki og því sem það hefur fyrir stafni.

**22-23** Myndsíða: Hjalmar á útgáfutónleikum á Flúðum, töffarar í Garðabæ og blúsari á NASA.

## LÍFSSTÍLL

**24-25** Bestu paparazzi-myndir Íslands að mati Hér & nú

**26-27** Heilsa. Miðjarðarhafsmataræði er alveg málið að mati Danilo Meyer.

**29** Íslenski dregillinn: Íslensku stjörnurnar dæmdar á Eddunni.

**30-31** Dorrit og Ólafur Ragnar: Standa alltaf hlið við hlið.

**32** Rauði dregillinn: Hvernig klæða stjörnurnar í Hollywood sig?

**34-35** Allt um stíl leikkonunnar Monicu Bellucci.

**36-37** Kynlífsopna. Þegar allt er gott nema kynlífið. Góð ráð frá Hér & nú.

**38-39** Fataskápurinn: Kíkt í fataskápin hjá Heiðu Ólafsdóttur söngkonu.

**40** Flottara tískuvit með aldrinum.

## ALVÖRU FÓLK

**42-43** Ágústa Kolbrún Jónsdóttir: Um kynlífstól og titrandi jól.

**44-45** Ástarsagan: Handboltaást. Björgvin Páll Gústavsson og Karen Einarsdóttir.

**46-47** Ketill Larsen lítur út eins og eskimói.

**48** Kristinn Kristjánsson og Pub quiz.

**50-51** Þórhallur Sigurðsson talar um áramótaskaupið.

**52-53** Lesið í lófa. Jóhann Bachmann í Skítamóral er ástriðufullur.

**54-55** Drottningar Íslands: Ragna Ragnars.

**56-57** Drottningar Íslands: Sigríður Þorvaldsdóttir.

**58-59** Drottningar Íslands: Henný Hermansdóttir og Elísabet Traustasdóttir.

**60** Eldur er nýja nautið í Húsdýragarðinum.

**62-63** Jóláþema. Sex vikur til jóla. Raggabollur og svört jól

**64** Taktu prófið: Ertu kaupsjúk?

**66-67** Leikjaopna: 10 hlutir sem þú vissir ekki um Ágúst Bent og krossgáta vikunnar.

**68:** Hér & nú stúlkan: Sigríður Sif flott í bakaríinu.



18



22-23



50-51



10-11



12-13



14-15



29



58-59

# Ilmur Kristjánsdóttir og Ari Sigvaldason

**Ólétt** Ilmur tók sig vel út með Edduna og Ari kærasti hennar var stoltur af sinni.

**Flott par** Fréttamaðurinn Ari Sigvaldason og leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir eru flott par.

# ÓLÉTT OG ÁSTFANGIN

**Eldheit og eggjandi** Ilmur tók þátt í tiskusýningu í sumar rétt áður en hún varð ólétt.

**Búa saman!**

**Pórsgata 19** Hér búa Ilmur og Ari Sigvaldason í fallegri íbúð í miðbæ Reykjavíkur.

Leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir og fréttamaðurinn Ari Sigvaldason eru glæsilegt par. Þau geisluðu á Eddunni og leiddust eins og ástfangið unglingspar nánast allt kvöldið. Ilmur fékk Edduna fyrir að vera besta leikkonan en það var fyrir frammistöðu hennar í Stelpunum á Stöð 2. Það er ekki langt síðan þau byrjuðu að slá sér upp og nú er Ilmur flutt inn til Ara á Pórsgötuna í Reykjavík. Ilmur er einnig ólétt og

segja þeir sem þekkja til að leikkonan sé komin þrjá og hálfan mánuð á leið.

Ilmur er ein af fremstu leikkonum þjóðarinnar og átti titilinn sannarlega skilinn á Eddunni. Hún hefur einnig farið á kostum frá því hún útskrifaðist og lék meðal annars Línu Langsokk í Borgarleikhúsinu. Ari er best þekktur fyrir hnitmiðaðar og vel unnar fréttir sínar á fréttastofu Ríkissjónvarpsins og þau eru glæsilegt par. Hér & nú óskar Ara og Ilmi til hamingju og nú er bara spurning hvort það bætist í hóp stelpnanna á Stöð 2, eða hvort það komi strákur. Ekki náðist í parið við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Þau voru ástfangin á Eddunni

# FLOTTUSTU PÖRIN



1

**Lennon og Yoko Ono**  
Barði Jóhannsson og Agnieszka Monika Baranowska eru glæsilegt par.



2

**Sjónvarpsmaðurinn**  
Þórhallur Gunnarsson og Brynja Nordquist voru stórglæsileg bæði tvö.



3

**Glæsileg Kristján Arason og Þorgerður**  
Katrín voru flott á hátíðinni. Kristján mætti aðeins seinna en Þorgerður og skimaði um allt anddyrið eftir sinni heitelskuðu.

STJÖRNUFRÉTTIR

Á Eddunni fara allir í sitt fínasta púss. Ef þú ert með maka er ekki vitlaust að klæða sig í svipuðum dúr og hann. Sex pör stóðu upp úr á Eddunni í ár og á toppnum trónir Barði í Bang Gang og kærasta hans sem allt eins gætu verið Lennon og Yoko Ono Íslands. Þórhallur Gunnarsson úr Kastljósinu og Brynja Nordquist kona hans voru einnig stórglæsileg sem og Kristján Arason og Þorgerður Katrín sem var í kjól úr hreindýraskinni.



**Leiddust Ragga**  
Gísla og Birkir Kristinsson leiddust eins og ástfangið unglingspar allt kvöldið.




**Eins og á Óskarnum**  
Friðrik Þór Friðriksson kann að vera á svona verðlaunahátíðum enda verið á sjálfum Óskarnum. Hann og eiginkona hans, Anna María Karlsdóttir, voru flott.



**Flottur fylgihlutur**  
Elma Lísu og Reynir Lyngdal voru eldhress. Reynir var flottur fylgihlutur sinnar fögru konu.

## KOMIN FIMM MÁNUÐI Á LEIÐ

Kári Sturluson og Hjördís Unnur Másdóttir kærasta hans voru mætt á Edduna og voru í góðu skapi enda er Hjördís komin fimm mánuði á leið. Þessa dagana er Kári að skipuleggja Typpatal með Auðunni Blöndal sem Siggí Sigurjóns leikstýrir.





NJÓTTU LÍFSINS  
MEÐ HEILBRIGÐUM  
LÍFSSTÍL

KEA-skyr er fráþær hollustuvara, einstaklega  
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.  
Í því eru hvorki sætuefni né önnur  
hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur  
fyrir alla þá sem hafa hollustuna  
í fyrirrúmi og vilja lifa á  
heilsusamlegan hátt.



**KEA**  
**SKYR**



**FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA**





**Góðar vinkonur** Anna Marín Schram og Eva María eru góðar vinkonur. Óskar Jónasson brosir sínu breiðasta enda ánægður með konu sína. Anna Marín var í kjól frá árinu 1944 sem hún erfði.

**Aldrei flottari!**

# Eva María og Óskar Jónasson FLOTTARI EFTIR ÞRIÐJA BARNIÐ

Keypti ég hann ekki handa þér?" sagði Óskar Jónasson íbygginn á svip þegar þau hjónin reyndu að muna hvaðan kjóll Evu Maríu var. Óskar var seinn fyrir en þau voru með þeim síðustu sem gengu inn í salinn á Edduverðlaununum á Nordica. Glæsilegt þar sem alltaf er brosandí. „Hann var keyptur fyrir tólf árum og þetta var eiginlega það eina sem ég passaði í," sagði Eva María og hló en kjóllinn er stórglæsilegur. „Þetta er eitt-hvert svona gamalt „vintage“ dæmi," sagði Eva María sem var

stórglæsileg á Eddunni. Þau hjónin mundu þó ekki hvaðan kjóllinn var en glæsilegur var hann.

Fyrir rúmum mánuði fæddi Eva María þriðju stelpu þeirra hjóna og lítur hún svo sannarlega vel út þrátt fyrir að svo stutt sé frá fæðingunni. Þáttur Evu Maríu, Einu sinni var, var tilnefndur til Edduverðlaunanna en fékk ekki. Óskar fór hinsvegar á kostum í gervi Skara Skrípó þar sem hann sýndi sjónhverfingar ásamt Valgerði Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

H&N-mynd Ómar V



**Flott** Marteinn Þórsson leikstjóri, Helga Rakel Rafnsdóttir og Dagur Kári Pétursson voru flott á Eddunni.

Dagur Kári var sigurvegari kvöldsins

# STYTTAN BROTNADI EINS OG Í FYRRA

Leikstjórinn Dagur Kári Pétursson var svo sannarlega sigurvegari kvöldsins. Kvikmynd hans, Voksne mennesker, fékk fimm verðlaun og þar af fyrir besta handritið, bestu myndina og Dagur fékk verðlaun fyrir bestu leikstjórn. Einnig fékk hann verðlaun fyrir tónlist myndarinnar sem var í höndum Slowblow þar sem Dagur Kári er annar helmingurinn. „Hún brotnaði bara af fætinum alveg eins og í fyrra," sagði Helga Rakel, kærasta Dags Kára, þar sem hún hélt á brotinni Eddu með fylfusvip.

**Úps!**



**Brotnaði** Helga Rakel Rafnsdóttir, kærasta Dags Kára, heldur hér á brotnu styttni.

# Drottningarnar á Edduverðlaununum

# FLATTUSTR



**PORGERÐUR KATRÍN  
GUNNARSDÓTTIR**

Það skein af menntamálaráðherra á Eddunni. Hún er í íslenskri hönnun frá Signýju Ormarsdóttur fyrir austan og er úr hreindýraskinni. Þessi rauði og hvíti kjóll er sérhannaður á Porgerði. Tískusérfræðingar Hér & nú telja að svona kjóll kosti frá 100 til 150 þúsund krónur.



**LILJA PÁLMA**

Var töffari kvöldsins. Hún mætti í stuttu gallapils og vasar pilsins komu niður úr því. Hún var í svörtum sokkabuxum og kúrekaskóm. Einnig var Lilja með belti í stíl með sylgju. Hárið villt og Lilja var ofurtöffari.



**HELGA BRAGA**

Helga Braga í sægrænum silki-kjóll sem hún keypti í búð í London. Hún vildi ekki gefa upp nafn verslunarinnar sem er greinilega mikið leyndarmál. Hvíti keipurinn gerði mikið fyrir útlitið en ánægðust var Helga með Dolce & Gabbana-töskuna sína.



**BJÖRK JAKOBSDÓTTIR**

Mætti á Edduna í glæsilegum kjól frá Spaksmannspjörum. Allt dressið úr Spaksmannspjörum, kjóllinn, ermarnar og hálsmenið. Björk glitraði þetta kvöldið og minnti helst á greifynju í Frakklandi. Þetta lúkk hentar alls ekki öllum en Björk er hávaxin og tignarleg í kjólnum.

# SILFUR OG DEMANTAR



**Elín Hirst**

Var flott í skóm úr Sand. Silki og demantafiðrildi. Elín bar af í þessum gullfallegu skóm og er með einstaklega flotta leggi.



**Brynja Nordquist**

Var í silfurlituðum skóm úr verslunni Evu. Támjór og stórglæsilegir. Brynja passaði upp á það að skórnir væru í stíl við dressið.



# UL KJÓLARNIR



**Dýrasta taskan!**

**LÍN HIRST**  
 Réttakona landsins var stórlæsisleg í sæbláum kjól úr londo og með fallegan keip. Lín var með Fendi-tösku úr ýrri verslun sem heitir Noma. Taskan kostar um 40 þúsund.



## RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR

Nýjasta sjónvarpsstjarnan í Kastljósinu var stórglæsileg með hárið tekið upp og í elegant svörtum kjól úr Karen Millen. Takið eftir steinunum á kjólnum. Kjólar í Karen Millen eru frá 20 þúsund krónum.



## STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Glimrandi falleg í svörtum kjól frá Max Mara. Frægt ítalskt merki. Kjóllinn er hnésíður og gegnsær að ofan með bróderingum. Samkvæmt tiskusérfræðingum Hér & nú kostar svona kjóll um 40–50 þúsund krónum.



**Flottur Jón Ársæll og Steinunn Þórarinsdóttir.** Jón Ársæll er í fötum frá Dressman en Steinunn fékk jakkann í Kína.

**Orðan „Navegare Nessesenest“** kallast siglingarorðan sem Jón Ársæll mætti með á hátíðina.

## Jón Ársæll mætti með siglingarorðu á Edduna

## Í FÖTUM ÚR DRESSMAN

Ég er nú bara í fötum frá Dressman, það er ódýrast og best," sagði Jón Ársæll Þórðarson sem var með glæsilega orðu á vinstra brjóstinu. „Þetta er siglingarorða sem kallast „Navegare Nessesenest“. Við vorum á einhverju skralli í gær eftir að ég fékk orðuna afhenda," sagði Jón Ársæll sem var hinn hressasti. Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarmaður er kona Jóns og var hún einnig stórglæsileg. „Ég fékk þennan jakka í Kína þar sem ég var með sýningu fyrir nokkru," sagði Steinunn. Jón Ársæll myndi sóma sér vel sem einn af flottu köllunum í auglýsingunum frá Dressman.

## Skórnir á Eddunni



**Magga Stína**  
 Mætti í gömlum skóm á hátíðina. Magga Stína gerði sér lítið fyrir og setti sjálf glimmer á skóna. Fjólublátt og gyllt. Flott hjá henni.



**Helga Braga**  
 Var í sægrænu frá toppi til táar. Skórnir voru ekki síður flottir. Opin tá og gyllt slaufa. Smekklegir og sætir.



#### PÓRUNN ERNA CLAUSEN

Pórunn mætti á Edduna í sérhönnuðum kjól frá stelpunum í Júniform og geislaði af fegurð. Svart og glitrandi með festum. Pórunn bar svo sannarlega af á hátíðinni.



#### ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR

Elma mætti á Edduna í sérhönnuðum kjól frá Írisi í Þjúra. Blúndur einkenndu kjólinn en heklaði smekkurinn vakti mikla athygli; bleikur með gullfestum í. Elma var stórglæsileg um kvöldið en flottasti aukahluturinn var þó Reynir Lyngdal, eiginmaður hennar.

## LEIKKONUR Í SÉRHÖNNUÐUM KJÓLUM



## Ragnheiður og Svala MÆÐGUR Í VINTAGE

Mæðgurnar Ragnheiður Reynisdóttir og Svala Björgvins mættu báðar í „vintage“ kjólum á Edduna. Ragnheiður var í einföldum, svörtum kjól sem hún keypti í London en var saumaður í Frakklandi í seinni heimstyrjöldinni. Það geislaði af Ragnheiði og tók hún sig sérstaklega vel út í þessinum sem hún klæddist er hún mætti á hátíðina. Takið eftir buddunni sem hún heldur á. Svala dóttir hennar var ekki síður falleg og valdi að vera aðeins litríkari en mamma hennar. Hún var í síðum 60's-kjól frá La Travilla sem hún keypti á aðeins 26 dali. Svala er þekkt fyrir að gera gæðakaup í „second hand“-búðum og á netinu. Taskan sem Svala var með vakti einnig mikla athygli. Stór og rauð.



## Páll Óskar í norskum jakkafötum



**Geggjaður!**

# LANGFLOTTASTI GAURINN

**P**að voru norskir húmoristar sem hönnuðu fötin. Merkið heitir Moods of Norway og ég er að reyna að fá GK til þess að taka fót frá þeim inn," sagði Páll Óskar Hjálmtýsson sem var í þessum geggjuðu sæbláu jakkafötum á

Eddunni. Fötin voru niðþröng og svartir támjóir skórnir þössuðu vel við fötin og bleika bolinn sem hann var í. Sílvia Nótt var mikið í því að kalla Pál Óskar kærastann sinn þetta kvöldið en ef mögulegt væri yrðu þau glæsilegt par.

## Ljósmyndarar flykkust að Björgvini Halldórssyni og fjölskyldu



**Flott  
fjölskylda!**

# EKKI GÓ FYRR EN BÓ...

**F**jölskyldan úr Hafnarfirðinum birtist skyndilega í anddyrinu á Hótel Nordica. Það var eins og stormsveipur hefði rykk upp hurðinni því allir ljósmyndarar á svæðinu þustu í átt að fjölskyldunni. Bó hélt þó kúlinu og brosti sínu breiðasta á meðan konurnar

tvær í lífi hans gerðu slíkt hið sama. Um leið og ljósmyndararnir byrjuðu að smella myndum dró Einar Egilsson, kærasti Svölu, sig í hlé. Hann horfði bara á og fékk sér kokkteil á meðan mesta flassflóðið gekk yfir. Ragnheiður, kona Björgvins, var í „vintage“ kjól sem

var hannaður í Frakklandi en keyptur í London. Svala var hinsvegar í 26 dala „vintage“ kjól. Athygli vakti að Bó og kona hans voru bæði með einhverskonar rauð barmmerki á hátíðinni. Krummi sonur þeirra hjóna lét ekki sjá sig þetta kvöldið.

**Fjölskyldan Björgvin Halldórsson, Ragnheiður Reynisdóttir og Svala Björgvinsdóttir.**

# EINS OG FLIPPUÐ DORRIT



**Flott** Skjöldur Eyfjörð og Sívía Nótt brostu sínu breiðasta á hátíðinni.

**Sló í gegn** Sívía Nótt vakti mikla athygli á hátíðinni og kom, sá og sigraði.

STJÖRNUFRÉTTIR



**Til hamingju** Magnús Ragnarsson kyssir hér Sívíu Nótt til hamingju með kvöldið en hún fékk tvenn verðlaun.



**Þetta er allt annað** Sívía Nótt er hér að aðstoða Þóru Tómasdóttur úr Kastljósinu við að farða sig. Ragnhildur Steinunn stendur og horfir á.



**Flottar saman** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Sívía Nótt voru báðar stórglæsilegar á Eddunni.

## SVÖRT JAKKAFÖT OG HVÍTIR SKÓR

Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal var flottur í tainu á Edduhátíðinni. Hann og rithöfundurinn Jón Atli Jónasson voru báðir í svörtum jakkafötum og hvítum skóm sem var þvert á það sem flestir aðrir voru í. Auði var í einhverskonar hvítum mokkasíum en Jón Atli var bara í venjulegum hvítum strigaskóm. Flottir.

**Venjulegir** Svona voru flestir skóaðir á Eddunni.

Öðruvísi!

**Glæsileg** Jón Atli og Laufey Elíasdóttir.

**Flottir** Hermann Gunnarsson og Auðunn Blöndal.

# MOUSSAIEFF

**Glamúr!**



**Erfitt** Það getur verið erfitt að vera í sínu finasta þússi í langan tíma. Hér slakar Þorgerður Katrín menntamálaráðherra aðeins á með Balta og Lilju.



**Rætt við leikstjórnann** Auðunn Blöndal og Lilja Björk kærasta hans ræða hér við Sigga Sigurjóns sem leikstýrir Audda í Typpatali. Aðspurður hvar Sigggi hefði fengið fötin svaraði hann: „Það var nú bara í fataskápnunum í Stuðlaberginu.“



**Margt að gerast** Stefán Jón, Heimir Jónasson, Lilja Pálmadóttir, Páll Baldvin og Baltasar Kormákur höfðu um margt að tala.



**Með kokkteil** Sveppi og Íris kærasta hans fengu sér svolitinn kokkteilsopa.



**Góðar vinkonur** Magga Stína og Margrét Vilhjálms voru stórglæsilegar.



**Slegið á léttu** Baltasar Kormákur og Lilja Pálmadóttir bregða hér á leik með Valgerði Sverrisdóttir viðskipta- og iðnaðarráðherra.



**Skjás eins gengið** Ari Sigvaldason (á vitlausu borði), Nadía Barine, Þórunn Högnadóttir, Arnar Gauti, Elín María og Hrafnkell gítarleikari í í svörtum fötum.

H&N-mynd Ómar V

## MÆTTU MEÐ DÆTRUM SÍNUM

**M**eð dæturnar. Páll Magnússon og Edda Sif dóttir hans voru stórglæsileg á Eddunni. Edda Sif er sautján ára gömul en hún er eitt af tveimur börnum Páls. Bubbi Morthens var líka flottur á Idolborðinu með Grétu dóttur sína sér við hlið. Gréta verður þrettán ára nú í desember og er elst þriggja systkina. Feðginin Íris Tanja og Valdimar Flygenring voru einnig stórglæsileg. Valdimar fer sem kunnugt er með hlutverk í Kalla kaffi og stjórnar einnig Ástarfleyinu.

**Flott feðgin** Íris Tanja og Valdimar Flygenring.

**Lík pabba** Edda Sif mætti með Páli Magnússyni föður sínum á Edduna.

**Flottar dætur!**

**Glæsileg** Bubbi og Gréta Morthens voru glæsileg á Eddunni. Gréta verður þrettán ára í desember.



**FYRIR**



**EFTIR**

## FITNAR OG FITNAR

**L**eikarinn geðþekki úr myndinni Swinger hefur alltaf verið dálítið þybbinn. Núna er hann einfaldlega orðinn feitur. Ekki er vítað hvers vegna hann hefur fitnað svona mikið í gegnum árin en við þökkum Guði fyrir að hann sé hættur að leika og byrjaður að leikstýra.



**Halle Berry**  
Nýja andlit Versace.

**H**alle Berry hefur verið valin nýja andlit Versace. Ljósmyndarinn Mario Testino tók myndir af leikkonunni glæsilegu í LA um daginn og eru myndirnar einkar kynþokkafullar. Úfið hár og mikill vindur. Halle Berry fetar nú í fótspor Madonna og Demi Moore.

## FETAR Í FÓTSPOR MADONNU

## APALÆTI Á HÓTELINU




**N**ýja gældúryið hennar Parisar Hilton, apinn Baby Luv, er svolítið villtur. Paris tók apaköttinn sinn með sér að versla undirföt í Agent Provocateur um síðustu helgi en litli apinn frikaði gjörsamlega út. Þar inni beit apinn hana og klóraði hana í framan. Paris náði að festa apann við stöng og eyddi fjögur þúsund dólum í undirfatnað.

Seinna um kvöldið var Paris mætt í afmælisveislu hjá Kelly Osbourne þar sem undirfatalínan Agent Provocateur var með sýningu. Apakötturinn slapp úr höndum Parisar og trylltist gjörsamlega og hljóp út um allan sal og tókst ekki að krækja í hann fyrir en 20 mínútum síðar.

Kærasti Hilton var líka að flippa á hótelinu. Stavros Niarchos III var að fíflast með vinum sínum sem kveiktu í hótelinu. Brunavarnarkerfið fór í gang ásamt úðurum og þarf griski milljónamæringurinn að borga um 100 þúsund dali í skaðabætur.

## SNOOP DOGGY... PYLSUR?

**R**apparamir Lil' Jon og Ice-T hafa framleitt sína eigin orkudrykki, en Snoop Dogg ætlar að gera enn betur og framleiða eigin pylsur. Þær hafa fengið nafnið Foot Long Snoop Doggs. Ef Snoop-pylsurnar verða vinsælar er líklegt að við munum sjá J.Lo-hamborgarabrauð á næstunni.





Fæst án  
lyfseðils

NOVARTIS  
CONSUMER HEALTH



# Fljótvirkt verkjalyf m.a. við tíðaverkjum

Inniheldur engin ávanabindandi efni

# VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

ARMARSON.TK · DOL-001-210205

Voltaren Dolo® ( díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, lammþinu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalisýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um millverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

## Móttaka fyrir leikstjóran í ráðherrabústaðnum



**Glæsileg Eli Roth, leikstjóri Hostel, Porgerður Katrín og Quentin Tarantino.**

**Fyndinn!**

# ÞORGERÐUR HEILLAÐI TARANTINO

**S**kemmtanaglaði leikstjórinn Quentin Tarantino sló heldur betur í gegn þegar hann kom hingað til lands um helgina. Hann var hér með vini sínum Eli Roth sem var að frumsýna kvikmynd sína Hostel en Tarantino framleiðir myndina. Porgerður Katrín menntamálaráðherra bauð þeim félagum í mat í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í tilefni heimsóknarinnar þar sem mikið var hlegið. Tarantino var gjörsamlega heilladur af Porgerði sem er stórglæsileg og var hún hin hressasta í boðinu. Porgerður fór svo á frumsýningu myndarinnar sem er virkilega ofbeldisfull hrollvekja. Tarantino fór á kostum á skemmtistöðum borgarinnar um helgina og fékk sér meðal annars snúning á skemmtistaðnum Oliver. Einnig lét hann þau orð falla að Ölstofan væri besti bar sem hann hefði drukkið á, og eru þeir þó nokkrir. Leikstjórinn fór svo af landi brott í gær en hann var gjörsamlega heillaður af íslenska kvenfólkinu og er Porgerður Katrín þar engin undantekning.



**Velkominn Menntamálaráðherra tekur á móti Eli Roth og býður hann velkominn.**



**Hatar ekki sopann**  
Porgerður og Tarantino ræða hér við Ísleif Þórhallsson ofurplöggara.



**Slær á létta** Quentin Tarantino er mjög fyndinn og fékk ráðherrann til þess að hlæja nokkrum sinnum.

**Góð gjöf** Unnur Birna fékk afhentan fallegan blómvönd frá Margréti R. Jónasdóttur og Sóleyju Ástudóttur hjá EMM School of Makeup, Arnari Þór Gíslasyni, framkvæmdastjóra Café Oliver, og Guðrúnu Völu Benediktsdóttur einum eigenda veitingastaðarins Galíleo.

Unnur Birna Vilhjálmisdóttir verður flottasta feðurðar-drottningin á sviðinu í Kína

**Förðun í Kína!**

# FÖRÐUNARMEISTARI

# MEÐ UNNI Í KÍNA

### Hamingjusöm og spennt

Unnur Birna var á leið út á flugvöll þegar hún fékk þennan óvænta styrk. Hún var hræð og sagðist hlakka til að fá Margréti út til sín.

**Einn koss** Unnur Birna fær koss frá Sóleyju Ástudóttur, eiganda EMM School of Makeup, en það var hugmynd Sóleyjar að senda út förðunarmeistara til að feðurðardrottningin okkar myndi bera af á sviðinu í Miss World-keppinni.

EMM School of Makeup, veitingastaðurinn Galíleo og Café Oliver hafa ákveðið að styrkja Unni Birnu um förðunarmeistara úr skólanum sem mun eyða viku í Kína á meðan á keppinni stendur,“ segir Sóley Ástudóttir, einn af eigendum EMM School of Makeup.

„Ég hef unnið við svona keppni erlendis, eins og Ungfrú Svíþjóð og Miss Supermodel of the World, og þar eru stúlkurnar

með heilt lið sér innan handar. Þessi keppni snýst náttúrulega um útlitið. Það er það sem fólk sér og þótt við séum lítil þjóð, af hverju ekki að standa við bakið á henni svo að hún vinni? Þetta er einungis góð landkyrning fyrir Ísland,“ útskýrir Sóley.

Sóley segir að Unnur Birna hafi leitað til Margrétar R. Jónasdóttur sem kennir í EMM School of Makeup um ráðleggingar um hvernig eigi að mála sig fyrir

svona keppni sem milljónir manna horfa á. „Þegar ég frétti af þessu fékk ég þá hugmynd að senda kennara út til hennar en til þess að hjálpa henni þurfti ég á hjálp að halda og fékk þess vegna Galíleo og Café Oliver mér til liðs,“ segir Sóley.

Unnur Birna var ekki síður glöð þegar blaðamaður hitti hana á Café Oliver daginn sem hún fór út. En ánægðust var hún þó með að fá atvinnumann til að gera

hana fallega fyrir aðalkvöldið.

Margrét förðunarmeistara mun halda út til Kína 6. desember og verða þar í sex daga. Þá daga mun hún blogga um ferðina á vefsíðunni margret.is.

Við munum fylgjast betur með þeim Margréti og Unni Birnu í Kína þegar líður á, en Margrét mun koma til með festa ferðalag Unnar Birnu á filmu og deila með lesendum Hér & nú í desember.

Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Mikael Torfason ábm. Ritstjórn Breki Logason, breki@hognu.is, Hanna Eiríksdóttir, hanna@hognu.is, Jón Mýrdal, myrdal@hognu.is, Sunna Finnbogadóttir, sunna@hognu.is. Hér & nú Skattahlöð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000. Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075. Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Setning og umbrot 365 – prentmiðlar. Prentvinnsla Ísafoldarprentmiðja. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

## Hvar er rauði dregillinn?

**H**ótel Nordica breyttist í glamúrstað síðasta sunnudag þegar fólk úr kvikmynda- og sjónvarpsbransanum mætti saman til þess að heiðra hvert annað. Það var gaman að fylgjast með þessum atburði. Konurnar í sínu fínasta þússi, búnar að eyða öllum deginum í að gera sig sætar og sumar eflaust í marga mánuði að plana hið fullkomna dress til að skara fram úr.

Það sem virkilega vantar á þessa atburði er rauði dregillinn umkringdur ljósmyndurum og upp-tökuvélum eins og í Hollywood. Þannig er spennan byggð upp. Hver kemur næst? Með hverjum er hún? Og í hverju er þessi? Í raun vantar okkur svona Joan Rivers á Íslandi sem tekur viðtöl við alla sem mæta á hátíðina. Hún hælir öllum en rífur svo ljótu kjólana í sig viku seinna í klukkutíma-þrógrammi. Heiðar snyrtir gæti auðveldlega tekið þetta að sér.

Fannst Jón Ársæll flottastur. Hann var ekkert að vesenast. Fór bara í Dressman á fimmtudeginum og keypti jakkafötin þar. Hann orðaði það best sjálfur:

„Ég er í fötum úr Dressman. Ódýrast og best.“

En það er öðruvísi með karlmenn en konur. Þeir komast upp með það að vera í einföldum fötum. Konur þurfa alltaf að missa sig yfir eyrnalokkum, make-up, hárgreiðslum og auðvitað skónum. Ég er ekkert öðruvísi.

Eva María mætti á Edduna stórglæsileg og nýbúin að eignast barn. Hún var nú ekkert mikið að spá í kjólnum sínum. Fann það eina sem var hreint og hún passaði í. Bar samt af á hátíðinni sjálfri. Þokkinn skein af henni. Nýbakaðar mæður eru alltaf langfallegastar.

## Feðginin Björk og Guðmundur Gunnarsson



**Björk Guðmundsdóttir** Varð fertug og geislaði í veisluinni enda með græna skikkju og fallegan blómahatt.

Til hamingju!

**Guðmundur Gunnarsson** Faðir Bjarkar varð sextugur og bauð til veislu með dóttur sinni.

# HÉLDU UPP Á

# 100 ÁRA AFMÆLI

**Á** laugardaginn var heljarinnar fjór í Fákshéimilinu enda verið að halda upp á hundrað ára afmæli frægustu feðgina landsins. Björk Guðmundsdóttir varð fertug og faðir hennar og formaður Rafiðnaðarsambandsins varð sextugur. Um hundrað manns voru í veislu og var helsta listafólk landsins mætt í bland við forystumenn verkalyðsins í landinu. Sigurjón Kjartansson fór á kostum með skemmtiatriði sem hann kallaði „Öður til föln-



**Matthew Barney** Kærasti Bjarkar bakaði DNA-skúlptúrköku í tilefni dagsins.

andi blóms“ og grenjuðu gestir úr hlátri yfir atriðinu. Magga Stína og Sólvi Blöndal sungu lag fyrir afmælisbörnin ásamt Sigurjóni. Björk var klædd í græna skikkju og var með blómahatt. Matthew Barney kærasti hennar er mikill áhugamaður um bakstur og bjó til svokallaða DNA-skúlptúrköku. Maturinn sló í gegn og var boðið upp á fullt af dýrindisréttum. Eftir veisluna var svo haldið á skemmtistaðinn Rex þar sem partyið hélt áfram. Hér & nú óskar þeim feðginum til hamingju með afmælið.

# FLOTTUR Í MIÐBÆNUM



**B**ollí Kristinsson, fyrrverandi eiginmaður Svövu Johansen, var á rölti um miðbæ Reykjavíkur um helgina. Karlinn hefur ekki tapað tískuvitinu eftir að hann seldi Svövu NTC-tískuveldið. Hann var í eiturflotri úlpú enda kalt úti en það flottasta voru sólgerlaugun. Svört umgjörð og gult gler. Flottur.

## SLÓ Í GEGN Á DJAMMINU

**Q**uentin Tarantino er þekktur fyrir að djamma mjög mikið. Dvöl hans hér á landi var þar engin undantekning. Gekk hann á milli skemmtistaða og heillaðist af miðbæ Reykjavíkur. Hitti svo nokkrar íslenskar hjúkkur á Oliver sem fóru vel með leikstjórnann. Einnig var hann kampakátur í frumsýningarpartíi Hostel sem haldið var á Rex. Partíið sameinaðist fljótlega afmæli Bjarkar Guðmundsdóttur og voru miklir fagnaðarfundir þegar þau hittust. Undir lok kvöldsins var Tarantino búinn að finna sér íslenska dömu og var kominn langleiðina ofan í kok á henni að sögn viðstaddra. Tarantino alltaf flottur.



**Gaman** Þessi stelpa hitti Tarantino á Oliver ásamt vinkonum sínum.

## HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

**Quentin Tarantino** átti Oliver um helgina. **Eypór Guðjónsson, Eli Roth, Baltasar Kormákur, Friðrik Þór, Ragga hans Eiðs Smára** og **Þorgerður Katrín** voru einnig öll á Oliver ásamt **Hilmari Oddssyni. Ármann Kr. Ólafsson** bæjarfulltrúi var hress á dansgölfínu sem og **Jón Gunnar Geirdal**. Einnig sást til **Gylfa Einarssonar**



**Maggi Lego, Herra Silla** og **Krummi í Mínus** voru á Sírkus. Á Út-laganum á Flúðum voru **Guðni Bergs,**

**Brynj-**

**ar Harðars-son Vals-ari** og **Arnar Gunn-laugs-son.**



**Maggi rítstjóri Stúd-entablaðsins, Simmi KR-ingur** og **Bjartmar Guðlaugsson** skemmtu sér ásamt **Magnúsi Hlyni Hreiðarssyni** fjölmiðlamanni á Selfossi. Á frumsýningu Skuggabarna **Reynis Traustasonar** voru **Björgólfur Thor** og frú, **Ragga á Kiss fm, Allt Kastljóss-krúíð** og **Árni Elliot.**



## BRÚNN EINS OG GEORGE HAMILTON



**Pórolfur Arnason**  
Þessi mynd var tekin af honum í ágúst. Hann er orðinn mun brúnni í dag.



**George Hamilton**  
Pórolfur er orðinn hinn íslenski George Hamilton sem er alltaf brúnn.

**P**órolfur Arnason, fyrrverandi borgarstjóri og forstjóri Icelandic Group, er ávallt vel „tannaður“ eins og Gillzenegger myndi kalla það. Sást til Pórolf í miðbænum að spóka sig um og er hann orðinn brúnn sem aldrei fyrr og virðist hann verða brúnni með hverjum deg-

inum. Það vekur upp spurninguna, hvernig viðheldur hann litnum? Fer hann í ljósabekkina eða airbrush? Eða notar hann kannski brúnkuklúta? Það eitt er vist að Pór-ólfi líður vel þegar hann er brúnn og sællegur og má segja að Pórolfur sé orðinn hinn íslenski George Hamilton.

Feiknafjör á Flúðum

# GULLHÚÐAÐIR HJÁL

Fengu gullplötu Strákarnir fengu afhenta gullplötu fyrir fyrstu plötuna sína, Hljóðlega af stað.

**Varúð!**

**Siggi í Hjúlmum**  
Fór á kostum á Hammondinum á Flúðum.

**Kóngar Rúnar Júlíusson og Bjartmar Guðlaugsson** stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.

**Vel mætt** Það var margt um manninn í félagsheimilinu á Flúðum þar sem Hjúlmur héldu útgáfutónleika.

**Eins og risaeðla** Peter Winneberg bassaleikari er flottur á sviði. Hann hreyfir sig eins og risaeðla í jogggingalla.

# MAR

**Þ**ó nokkrir reggíþyrstir aðdáendur Hjálmannanna létu ekki hálkubletti og snjóskafla stöðva sig. Með rokið í fangið keyrðu þeir austur á Flúðir til að vera viðstaddir útgáfutónleika sveitarinnar í félagsheimilinu. Ástæðan fyrir því að þessi staðsetning varð fyrir valinu mun vera sú að önnur plata sveitarinnar, Hjálmar, var tekinn upp í félagsheimilinu.

Það var vel mætt á tónleikana sem voru í beinni útsendingu á Rás 2. Strákarnir spiluðu í rúma tvo tíma og tóku gamla sem nýja slagara. Rúnar Júlíusson, útgefandi Hjálmannanna, afhenti þeim gullplötu á miðjum tónleikunum enda fyrsta plata sveitarinnar löngu komin yfir fimm þúsund eintökin í sölu. Bjartmar Guðlaugsson var einnig mættur á tónleikana auk knattspyrnumannanna Guðna Bergs og Arnars Gunnlaugssonar.

Eftir tónleikana hristu aðdáendur svo á sér afturendann í finu partíi sem haldið var á hinum landsfræga Útlaga en héldu svo út í snjóbylinn sem gekk yfir Flúðir þetta kvöldið. Þeir voru gullhúðaðir Hjálmarinn þetta kvöldið og hafa sjaldan eða aldrei verið betri.

Á NASA var það svo blúsarinn Honeyboy sem hélt magnaða tónleika á meðan helstu spaðarnir í Garðabænum mættu á Herrakvöld Stjörnunnar í FG.

**Texti: Breki Logason  
H&N-myndir: Egill Bjarnason**

**Vinirnir** Sigmundur Kristjánsson knattspyrnumaður, Sólmundur á Sirkus, Baldur Kristjánsson ljósmyndari og Þorvaldur Davíð transari voru mættir á Hjálmana.

**Flottir Kiddi** í Hjálmunum mundar hér gítarinn enda með reggírífði á hreinu.



**Kóngurinn** Útgefandi Hjálmannanna Rúnar Júlíusson afhenti þeim gullplötuna og hneigði sig fyrir snillingunum.



**Aðdáendur** Karl Eiríksson, Hjalti Axel, Björgvin Ívar (barnabarn Rúnna Júl) og Magnús Berg voru hressir á tónleikunum.



**Þingmaðurinn** Bjarni Benediktsson var mættur á Herrakvöldið í Garðabænum.



**Patti** Pátrékur Jóhannesson, leikmaður Stjörnunnar í handbolta, var mættur á Herrakvöldið.




**Fótboltamennirnir** Guðni Bergsson og Arnar Gunnlaugsson létu sig ekki vanta.



**Honeyboy** Blúsarinn Honeyboy hélt magnaða tónleika á NASA.

# Fimmtán bestu myndirnar að mati



**Eins og hvítur engill** Þessi mynd birtist í DV af þeim Ólafi Ragnari og Dorrit í Bláfjöllum. Dorrit átti í einhverjum vandræðum með bindingarnar og okkar maður kom henni til hjálpar eins og Dorrit gerði þegar hann datt af hestbaki. Myndin er klassísk og tekin af Sigurði Boga Sævarssyni.

**NÚMER 2**

**Paparazzi!**




**NÚMER 1**




**NÚMER 3**

**Idolást** Ástarsamband Helga Pórs og Brynju úr Idolinu vakti mikla athygli í annarri seríu þáttanna. Þau voru nánast óaðskiljanleg og skelltu sér í Keiluhöllina eitt kvöldið. Þar fyrir var sjálfur Símon Birgisson sem náði þessari skemmtilegu mynd af parinu að kyssast. Myndin vakti mikla athygli á sínum tíma enda Idolöð í fullum gangi þegar hún birtist.


# ÍSLENSKT



**Kærustupar** Þetta er ein af fyrstu myndunum sem náðust af Björk okkar Guðmundsdóttur og kærasta hennar Matthew Barney. Hún er tekin á Laugaveginum fyrir utan Nike-búðina af HÖ. Flott paparazzi-mynd.




**Datt af baki** Þessi mynd er fyrir löngu orðin klassísk og er kannski ekki paparazzi-mynd í þeim skilningi. Ólafur Ragnar dettur af hestbaki og handleggsbrottnar. Yfir honum stendur Dorrit Moussaieff og hjúkrar sínum heitelskaða. Myndin var tekin af GVA sem var með í för.




**Rokkgæran Pink** Pink var ekki beint sú skemmtilegasta þegar hún kom hingað til lands til að halda tónleika. Stelpan var með fjöldann allan af lífvörðum sem gættu hennar hvert sem hún fór. Páll Bergmann náði þó þessari mynd af henni fyrir utan Hótel Nordica þar sem hún gisti.



**Cameron á Austurvelli** Hún lét ekki rigningu og leiðindi stöðva sig, hún Cameron Diaz, heldur gekk um Austurvöll og skoðaði ljósmyndasýningu Raxa með vinkonum sínum. Koma hennar hingað til lands virtist fara framhjá öllum nema Valla sem náði þessari mynd af henni í rigningunni á Austurvelli.



**Sveppi fær sér smók** Eftir einn af landsleikjum Íslands í sumar hittu nokkrir landsliðsmenn á Vegamótum. Sveppi úr Strákunum var mættur með Eiði Smára vini sínum og kveikti sér í einni fyrir utan. Höfundur þessarar myndar er því miður óþekktur.



**Kærasta Kiefers** Kiefer sat ekki bara á barnum heldur eignaðist hann íslenska kærustu. Hún Kristín Bára var að slá sér upp með kappanum og fór meðal annars út til Hollywood til þess að hitta hann. Þessari mynd náði Símon Birgisson af stelpunni þar sem hún var að skemmta sér á Prikinu.





Svokallaðar paparazzi-myndir eru vel þekktar erlendis. Ljósmyndarar sitja þá um stjörnurnar og festa þær á filmu við hin ýmsu tækifæri. Hér á Íslandi hefur minna borið á þessu hátterni. Þó hafa náðst fínar myndir í gegnum tíðina. Sumar hafa valdið miklu fjaðrafoki en aðrar eru broslegar. Hér & nú tók saman fimmtán góðar paparazzi-myndir sem birst hafa á síðustu árum.

**Bubbi í jeppanum** Þessi mynd er ein af umtöluðustu myndum þessa árs og olli tölvuverðu uppnámi. Hún birtist í einu af fyrstu tölublöðum Hér & nú og var tekin af HH.


# PAPARAZZI



**Sexý í sundi** Berglind Ólafsdóttir ofurgella, búsett í Hollywood, spókaði sig í Laugar-dalslauginni í sumar. Hún hafði lítað hárið á sér svart en Páll Bergmann lét hana ekki plata sig og smelli nokkrum glæsilegum myndum af stelpunni.



**Eina Clinton takk** Fyrirverandi forseti Bandaríkjanna heillaði land og þjóð þegar hann gekk um götur Reykjavíkur og heilsaði þeim sem á vegi hans urðu. Að sjálfsögðu kom hann við á Bæjarins bestu og fékk sér eina bara með sinnepi. GVA var aftur með í för og náði þessari skemmtilegu mynd.



**Bauer á barnum** Kiefer Sutherland lét gesti Reykjavíkurborgar næstum snúa sig úr hálsliðnum þegar hann mætti hingað til lands. Var leikarinn duglegur við að hella í sig viskí á helstu börum borgarinnar. Hér situr hann á Dillon með íslenskum félögum sínum. Daníel Tryggvi Danielsson náði þessari mynd af kappanum sem birtist í DV.



**Scary Spice** Samband Fjölhis Þorgeirssonar við kryddþiuna Mel B vakti heimsathygli á sínum tíma. Þau voru þó ekki mikið að láta mynda sig. Þessari mynd náði hins vegar hinn fjórtán ára gamli Atli Már Gylfason á Keflavíkurlflugvelli fyrir mörgum árum.



**Hrukkótti rokkarinn** Lou Reed kom hingað til lands og hélt tónleika fyrir landann. Hann var þó vel varinn af þéttvöxnum karlmönnum sem hleyptu engum nálægt rokkaranum. En aftur var Atli Már Gylfason með linsuna á lofti á Keflavíkurlflugvelli, nú nokkrum árum eldri og náði honum glóðvolgum.



**Að byrja að hittast** Söngvarinn og sjónvarpsmaðurinn Sverrir Bergmann fór á kostum á Hverfisbarnum fyrir skömmu. Þar fékk hann sér snúning með dansdrottningunni Sigrúnu Blomsterberg. Sverrir og Sigrún voru vist eitthvað að slá sér upp eftir þessa uppkomu sem Ómar náði að mynda í bak og fyrir.

LÍFSSTÍLL

# DÝRINDIS RISOTTO OG SALT FISKUR Á ÍTALSKA VÍSU

Margir velta því fyrir sér hvernig íbúar landanna við Miðjarðarhafið halda sér í flottu formi þrátt fyrir að borða mikið af kolvetnaríkum mat. Danilo Meyer kemur frá Genova á Ítalíu. Hann er mikill listakokkur og ætlar að segja okkur hvert er leyndarmálið á bak við að matreiða dýrindis mat sem er líka hollur.

Ítalskt og gott Danilo Meyer frá Genova líður vel á Íslandi og býr til frábæran ítalskan mat.



**Bacalá** Ítalskur saltfiskur er engum líkur. Gómsætur og hollur.

## RISOTTO MED PAPRIKU OG KJÚKLINGI

Fyrir fjóra

### Hráefni:

- 350 gr. risotto-hrísgrjón
- 1 stk. laukur
- 80 gr. smjör
- 2 msk. ólífufolía
- 2 stk. rauð paprika
- Ferskt tímian
- 4 stk. kjúklingabringur
- 1 líter kjúklingasoð  
(hægt að kaupa tilbúið eða útbúa)
- 2 dl. hvítvín



### Aðferð:

Setjið olíu og helminginn af smjörunu í stóran pott. Bætið finsöxuðum lauknum út í og léttsteikið. Bætið hrísgrjónunum saman við og látið malla við meðalhita í u.þ.b. eina mínútu. Hrærið vel í svo hrísgrjónin brenni ekki. Bætið nú hvítvíninu í pottinn, lækkið hitann og haldið léttum hita í um 10 mínútur. Bætið kjúklingasoðinu smám saman út í til að halda hrísgrjónunum mjúkum. Steikið paprikuna við góðan hita á pönnu og blandið síðan saman við hrísgrjónina. Sjóðið við meðalháan hita í 17–18 mín. Hrærið vel og reglulega í. Smakkið á. Nú á blandan að vera rjómakennd en frekar þétt. Steikið kjúklingabringuna á pönnu í um 12–14 mín. Þar til hún er gegnsteikt. Saltið hana örliði með góðu sjávarsalti. Setjið nú parmesanost, salt og pipar út í risottoið eftir smekk. Skammtið á fjóra diska og setjið niðursneiddan kjúklinginn ofan á. Gott er að strá ferskum basil yfir.

Enfaldleikinn er málið. „Segir Danilo Meyer um ítalska matargerð. „Matur þarf ekki að vera flókinn eða samsettur úr mörgum tegundum hráefna til að bragðast vel.“

Danilo segir að undirstaðan í ítalskri matargerð sé auðvitað ólífufolían. Hann segir líka að ferskleikinn sé stórt atriði í matargerð. Ferskt grænmeti, fiskur og oft þurfi ekki að nota annað en salt og pipar til að krydda matinn og ná fram rétta bragðinu.

„Á Ítalíu borðar fólk ekki mikið af harðri dýrafitu eins og á

Íslandi,“ segir Danilo. „Það er auðvitað mikill munur á loftslaginu hér og á Ítalíu. Á Íslandi þarf fólk meira á þessari hörðu fitu að halda vegna þess að hér getur orðið mjög kalt.“

Ítalir eru líka þekktir fyrir að sitja lengi við matarborðið og njóta matarins með glas af góðu rauðvíni í hendi. Danilo neitar ekki að það geti haft sitt að segja í sambandi við það hvað Ítalir halda sér í góðu formi. Danilo sem vinnur á Café Viktor hefur búið á Íslandi í fimm ár, er giftur íslenskri konu og eiga þau saman einn son.



## BACALÁ AL DANILO

Fyrir fjóra

### Hráefni:

- 800 gr. saltfiskur
- Polenta (fæst í flestum matvöruverslunum)
- 1 stk. kúrbítur
- 150 gr. strengjabaunir
- 200 gr. sveppir
- 1 stk. paprika
- 1 askja kirsuberjatómatar
- 6–8 stk. hvítlauksrif
- 1 búnt smjör
- 50 gr. smjör
- 1/2 ólífufolía
- 1/2 glas hvítvín

### Aðferð:

Byrjið á því að útbúa polentuna samkvæmt leiðbeiningum og geymið. Skerið niður grænmetið. Skiptið oliunni á tvær vel heitar pönnur. Setjið sveppi, papriku og strengjabaunir á aðra og verið dugleg að velta því til og frá. Saltfiskurinn er steiktur á hinni pönnunni með roðið niður í 3 mínútur. Þegar honum er snúið skal setja á miðja pönnuna smjör og kirsuberjatómata skorna til helminga. Bætið hvítvíninu á pönnuna. Skammtið nú polentuna á diska, setjið grænmetið ofan á hana og að lokum saltfiskinn ofan á grænmetið. Hrærið sósuna á saltfiskpönnunni, kryddið með basil og skammtið á diskana.

Danilo mælir með því að fólk taki sér góðan tíma í að njóta matarins og fái sér svo tvöfaldan espresso eftir matinn.

**Buon appetito!**

ÁHUGAVERÐIR  
HLUTIR  
SEM ÉG FANN  
Í RUSLINU




Það er ótrúlegt hverju fólk hendir.

## HVERNIG ÞÁTT MUNDIR ÞÚ BÚA TIL?

Sirkus leitar að fólki til að gera sjónvarpsþætti. Þú framleiðir efnið með þínum eigin tækjum, efnistökin eru alveg frjáls og engin hugmynd er útilokuð. Sendu inn þína tillögu og þú gætir verið á leiðinni í loftið! **Skilafrestur rennur út á hádegi mánudaginn 28. nóvember.**

Sendið hugmyndir til: **Sirkus - Hugmynd Lynghálsi 5, 110 RVK** eða á [sirkushugmynd@365.is](mailto:sirkushugmynd@365.is)



# ÍSLENSKI DREGILLINN



**Flottust!**

**Brynja Nordquist**

★★★★★★★★★

▲ Er náttúrulega bara flott. Í kápu úr Kúltúr, skyrtu og GK og silfurliðuðum skóm úr Evu. Það geislar af henni og er Þórhallur mjög heppinn að eiga þessa gullfallegu konu.

Stjörnur: 9 af 10



**Halla Gunnarsdóttir**

★★★★★★★★★

▶ Elín María kemur á óvart í þessum svarta kjól með töffaralegt belti. Hún var svona röff týpan á Eddunni og það fer henni vel. Aukahlutirnir, hárið og förðunin eru óaðfinnaleg. Til hamingju, Elín, tiskulöggan er mjög sátt.

Stjörnur: 10 af 10.

**Elín María Björnsdóttir**


**Töffari!**

◀ Tiskulöggan trúir á persónulegan stíl og styður hann alla leið en þessi kjóll ætti að vera bannaður og þá sérstaklega við Converse-skó. Skórnir stytta lappinnar á henni. Prom-dress og strigaskór fara ekki saman. Skamm, Halla, skamm.

Stjörnur: 2 af 10


# Ólafur Ragnar og Dorrit eru jafningjar í lífinu sem ástinni

Það er áberandi hjá forsetahjónunum að í veislum, opinberum heimsóknum og öðrum uppákomum standa þau ávallt hlið við hlið. Þetta gefur til kynna hversu sterkt samband þeirra er. Þau líta á hvort annað sem jafningja í lífinu sem og þeim störfum sem þau taka að sér. Þau bera greinilega mikla virðingu fyrir sambandinu og hvort öðru.




**Hljæjandi** Þau víkja sjaldan frá hvort öðru. Hér eru þau skellihljæjandi á Grímuverðlauninum í fyrra.


## STANDA ALLTAF HLIÐ VIÐ



**Ólafur heldur þétt utan um sína konu**  
Dorrit og Ólafur á Indlandi fyrir nokkrum árum.




**Ástfangin** Forsetahjónin eru hamingjusöm. Ástin leynir sér ekki.



**Elegant** Forsetahjónin eru ávallt glæsileg í veislum erlendis. Þau standa hlið við hlið og halda utan um hvort annað.



**Jafningjar** Innsetning forsetans. Dorrit og Ólafur heilsa frá Vigdísí Finnbogadóttur.



**Í veislu hjá Avion**  
Forsetahjónin ganga alltaf hlið við hlið þegar þau mæta í opinberar heimsóknir eða veislur.

## Hönd í hönd

Mikil tryggð, hollusta, dálæti, ást og jafnvel trúrækni einkennir sambandið ef einstaklingarnir leiðast en snertast ekki á annan máta. Að leiðast tákna frið, tryggð í sambandinu og sanna vináttu. Einnig segir líkamstjáningin til um óbilandi bjartsýni en litla ástríðu í sambandinu. Að sama skapi endurspeglar það djúpar tilfinningar milli þeirra. Þetta á ekki við um Dorrit og Ólaf. Þau sjást sjaldan haldast í hendur þegar ljósmyndarar eru nálæg.

## Hlið við hlið

Þegar fólk stendur hlið við hlið eru báðir aðilar hlutlægir í sambandinu, elskaði, í góðu jafnvægi og opnir fyrir breytingum. Einnig tákna staðan hlutleysi eða óvirkni sem er af hinu góða og báðir aðilar eru öruggir og sáttir við félagasinn.

## Heldur um mittið

Ef annar aðilinn heldur ávallt um hinn miðjan tákna það ríkidæmi, völd,

auð og gnægð. Velgengi og velmegun í jákvæðum skilningi í sambandi. Áhrifamikla einstaklinga sem nota kosti sína til að koma hugsunum sínum í verk. Skýrleiki á einnig við (skýr markmið).

## Staða

Enginn vafi leikur á að þegar annar aðilinn stendur fyrir framan elskhuga sinn segir það til um gott andlegt ástand þess sem hylur (almenn vellíðan og gott jafnvægi). Frjósemi, kraftur og auðlegð á vel við. Kærleikur einkennir sambandið þar sem báðir aðilar kjósa að gefa hinum af sér og fylgja hjartanu öllum stundum.

## Ástríða

Þegar fólk stendur þétt saman, er nánast ávallt í faðmlögum og bragðar nánast á orku hvors annars, tákna það kærleik, jákvæðar breytingar, hreysti, vöxt, frið, þrek og þrótt í ástarsambandinu. Reyndar gæti reiði, ófund eða afbrýðisemi einnig átt við (ótti í sambandinu).



**Halda á sér hita**  
Forsetahjónin fyrir utan Bessastaði í nístingskúlda. Ólafur heldur utan um konuna sína.

# HLIÐ



**Nýtrúlofuð** Dorrit og Ólafur tilkynna trúlofun sína. Ólafur heldur utan um konu sína og þau horfa djúpt hvort í augu annars



**Giftingin** Ein frægasta myndin af hjónunum. Hér standa þau þétt saman, hamingjusöm.



**Hallar sér upp að manni sínum** Hér er greinilegt að þau treysta hvort á annað. Dorrit hallar sér upp að manni sínum. Hún treystir greinilega á hann og hann sömuleiðis á hana.



**Ástaraugun** Forsetahjónin standa saman í blíðu og ást-in blómstrar.



**Hlið við hlið** Dorrit og Ólafur standa hér hlið við hlið í Listasafni Akureyrar.



**Í veislunni** Ólafur og Dorrit í afmælisveislu Steinunnar Valdísar borgarstjóra. Dorrit stendur við hlið mannsins síns og lítur á hann með ástaraugum.

# Stjörnurnar og kjólarnir

# RAUÐI DREGILLINN



## Mary-Kate og Ashley Olsen

▲ Tviburarnir Mary-Kate og Ashley Olsen eru miklar tiskudrottningar. Hér eru þær stöllur svaka skvísulegar. Mary-Kate virðist ekki eins grönn og hún hefur verið undanfarið. Hún er í blágráum kjól sem er svolítið 80's. Sumir myndu segja að hann minnti á gluggatjöld en hann virkar vel á henni. Systir hennar Ashley ákvað að vera í einföldum, svörtum kjól, sem klikkar aldrei. Það flottasta við systurnar eru fylgihlutirnir og skórnir. Mary-Kate er með geðveika hálsfesti og armband og systir hennar með geggjaða tösku.

Stjörnur: 9 af 10

Ógeðslega sæt!

## Cameron Diaz



▶ Ofurfyrirsætan Naomi Campbell er þekkt fyrir glæsilegan stíl en eitthvað hefur klikkað í þetta skiptið. Hún er hér mætt í hvítum kjól sem er hreinlega druslulegur. Efnið virðist frekar ódýrt og sniðið gerir ekkert fyrir þennan fallega líkama. Þótt hún sé þetta fræg má hún ekki klæðast svona ljótum kjólum. Það er bannað, Naomi!

Stjörnur: 3 af 10

## Naomi Campbell




◀ Bara sæt. Hér er Cameron á frumsýningu nýjustu myndar sinnar, In Her Shoes, í London. Veturinn er farinn að segja til sín og hún klæðir sig eftir veðri. Hún er hér í hvítri, hlýrri kápu, dökkbláum gallabuxum og rauðum, hælsháum skóm. Það sætasta við hana er rauði varaliturinn. Cameron, þú ert algjör stjarna!

Stjörnur: 10 af 10



# AB-VARAHLUTIR




Sérhæfð verslun með  
bifreiðavara hluti.

Áhersla er lögð á gæðavottaða vöru  
og mikið úrval.

Sérpantanþjónusta.

Betri vara – betra verð!



Nissan



Toyota



Porsche



Nissan



AB-varahlutir  
Bíldshöfða 18  
Sími: 567 6020  
[www.abvarahlutir.is](http://www.abvarahlutir.is)

Höfum ýmsa mjög fallega og vandaða aukahluti frá Þýskalandi úr ryðfrú stáli fyrir eftirfarandi bíltegundir.

BMW, Chrysler, Daihatsu, Ford, Honda, Hummer, Hyundai, Isuzu, Kia, Lada, Lexus, Mazda, Mercedes, Mitsubishi, Nissan, Porsche, Renault, Rover, Smart, SsangYong, Subaru, Suzuki, Toyota, Volvo, VW Volkswagen

Höfum einnig góðan lager Boddí ljós og slithluta fyrir flesta Evrópu og Asíubíla

# Pokkagyðjan Monica Bellucci slær allar dömurnar út

**Kynbomba!**

**Svartur og sexí** Monica Bellucci er í svörtum, síðum kjól og gullfalleg.

**Maðurinn í lífi hennar** Monica Bellucci og eiginmaður hennar, Vincent Cassell. Auðvitað er Monica í svartri kápu.



**Monica í teiti í Paris** Hún fer ekki leynt með gersemar sínar. Þetta er rosalet skora.

**Með fallegan líkama** Hún er mikið í kjólum í þessu sniði sem faðma mjaðmlinar. Þetta er svona svanasnið.



## ELSKAR SVART

**L**eiknonan þokkafulla Monica Bellucci er án efa með flottasta kroppinn beggia vegna Atlantshafsins. Hún hefur aldeilis skapað sér nafn í ítalskri kvikmyndagerð sem og franski og í Hollywood. Hún er gift franska leikaranum Vincent Cassell og saman búa þau í Frakklandi.

Það þykir athyglisvert hvað þessi gullfallega kona er mikið í svörtu þar sem hún er með rosaletan líkama. Henni þykir þó gaman að sýna fallegu línurnar sínar og auðvitað þessi rosaletu brjóst. Okkur er þó allveg sama þótt Monica sé alltaf í svörtu. Hún er stórkostleg.

**Ómótstæðileg** Monica á frumsýningu Irreversible á Cannes. Hún er einfaldlega ómótstæðileg í sumarkjólum og mætti alveg vera oftari í þeim.





**Klassískt** Síðar, svartar buxur og ermalaus toppur með elegantu belti. Stórglæsileg.



**Eldheit** Monica á frumsýningu *Matrix Reloaded* 2003. Hér er hún í svona S&M-kjól. Reimar og vínrætt satín. Hann er kannski ekki svakalega glæsilegur en hún ber hann samt vel. Hárið er gullfallegt. Gaman að sjá hana gera eitthvað annað við það.



**Ekta ítölsk kona** Monica er eins og allar hinar ítölsku konur alltaf með svört sólgleraugu. Líka inni.



**Svartur pels** Monica í svörtum pels á tiskusýningu í París.



**Kúrekastemming** Hér er hin glæsilega Monica í þínu kúreka-leik. Hún er í svartri skyrtu og síðu, hekludu þísi. Hárið í tagli og hún geislar.



**Alltaf flott** Bleikur og falletgur kjóll. Monica tekur sig vel út í hvaða kjól sem er.



**Elskar korslett** Monica á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í ár. Hún er í síðum, svörtum buxum og korslettu-blúndutopp.



**Pokkafull** Svartur kjóll í Feneyjum. Síður og svanslegur.



**Elegant** Hér er Monica í dökkbláum gallabuxum og gegnsærri skyrtu. Mjög venjulegt en samt elegant.



**Satín** Monica í fölbleikum satínkjól. Hann er í sama stíl og vínræði kjóllinn. Monica er greinilega svolitíð vanaföst og lítið fyrir að breyta um hönnuði og líti.



**Glitrandi** Leik-konan þokkafulla í ítölskum sumar-kjól á Cannes-hátíðinni. Sumarkjólarnir fara henni mjög vel.

LÍFSSTÍLL

# Þú ert ástargyðja

## ÞIÐ ERUÐ NÝBYRJUÐ SAMAN

Þú ert kannski vön því að vera með fyrrverandi manni þínum og þekkir líkama hans út og suður. Nú er kominn nýr maður inn í líf þitt og þú bregður á leik með öll gömlu, góðu trixin sem því miður virka engan veginn á karlinn. Það tekur ykkur tíma að finna taktinn saman.

## RÁÐ

Hættu að pæla í tækninni og leyfðu tilfinningunni að ráða för. Það er oft gott að byrja á því að kela og grandskoða líkama hvors annars án þess kannski að gera það. Þegar þið finnið hvað ykkur líkar verður kynlífið fullkomið.

## ÞÓ ERT ÓFULLNÆGÐ

Það er skiljanlegt, svona til að byrja með, að karlinn veiti þér ekki fullnægingu. Þú hafðir ætlað þér að sýna honum trixin þegar þið væruð orðin aðeins nánari. En hálf tveimur árum hefur liðið og þú hefur ekki enn fengið fullnægingu. Það er kannski orðið aðeins of seint fyrir kynlífskennsluna.

## RÁÐ

Ekki láta þetta hálf tveimur árum aftra þér frá því að tala út. Taktu hönd hans og leiddu hann í gegnum fullnæginguna. Sýndu honum hvernig þú færð það. Gott er að hrósa honum til þess að honum líði vel. Karlmennt elska hrós. Spurðu hann út í hans langanir og hvað honum finnst. Þá líður honum ekki eins og þú sért að skamma hann eða að hann standi sig ekki.

## ÞIÐ GERIÐ EKKI NEITT ANNAD

Þú hefur ekki getað gengið almennilega í þrjú mánuði. Hann svarar þér aðeins þegar þú kallar hann kúrekann úr villta vestrinu. Hann þekkir allar freknur og fæðingarbletti á líkama þínum en hefur ekki ennþá hitt vini þína... Ekki það að þú viljir að hann hitti þá Þú uppgötvaðir fyrir viku að hann er frá Lettlandi. Ha?

# ÞEGAR ALLT ER FULLKO

### ÓLÍKIR STÍLAR

Pótt á milli ykkar sé dýrlegur losti þegar þið standið nálægt hvort öðru eða snertið hvort annað er karlinn aðeins of fljótur og ruglaður í rúminu þar sem þú ert meira í rólegu stemningunni.

### RÁÐ

Þetta er ekki heimsendir. Eins og hjá lélegum dönsurum kemur oft fyrir að bæði reyna að leiða. Þetta vandamál getið þið lagað með því að fara fyrst á þínum hraða og svo á hans. Þú getur líka reynt að segja honum að í kvöld fylgi hann þér. Hann verði að gera allt sem þú segir. Fyrr en varir hafa líkamar ykkar vanist hvor öðrum. Ef þetta virkar ekki skaltu prófa að setja geisladisk með góðum takti í spilarann. Það ætti að virka.

### ALLT OF STÓR

Þið eruð ólík í vaxtarlagi. Hann er hávaxinn eða með bumbu. Eða er hann með risastóran? Ekki órvænta. Það er hægt að gera það þó að besti vinur hans sé svolítið stór eða bumban sé fyrir.

### RÁÐ

Ekki vera hrædd. Ef kærastinn er með extra stóran „vin“, vertu þá dugleg að stunda forleik áður en þið hafið samfarir. Því meira sem þú ert örvuð kynferðislega því auðveldara er að gera það með manninum þínum. Einnig er gott að prófa mismunandi stellingar til þess að sjá hvaða stelling hentar þér best. Gott er að vera í trúboðastellingunni með kodda undir rassinum. Ef hann er örlítið feitur er betra fyrir þig að vera ofan á honum þannig að þyngd hans sé ekki á þér.

### LÍFSSTÍLL

### HVERSU OFT GERIÐ ÞIÐ ÞAÐ?

Það skiptir miklu máli að gera það oft. Ef þið náðið ekki saman í rúminu er um að gera að stunda meira kynlíf.

Því oftast sem þið gerið það því betur lærið þið á hvort annað.

*Á milli ykkar er mikið neistaflug...  
En í rúminu er ískalt. Hér eru nokkur ráð til þess að laga það...  
Strax.*

# OMIÐ NEMA KYNLÍFIÐ

# Aðalheiður Ólafsdóttir söngkona á mikið af fallegum fötum



**Rómantiskur**  
„Þessi kjóll er úr Park í Kringlunni. Ég keypti hann í sumar og mér bykir hann svo rómantiskur og fallegur.“



**Balkjóll** „Ég fékk þennan voða fina kjól úr Spútnik í jólagjöf frá mömmu og pabba í fyrra. Ég er mjög hrifin af öllu sem er svolítið sérstakt og ekki allir eiga.“

**Finn bolur með blóma-  
skrauti** „Ég keypti þennan bol í Karen Millen fyrir nokkrum árum. Mér finnst hann ganga við hvað sem er og við hvaða tækifæri sem er. Þegar maður kaupir sér flik í dýrari kantinum er gott að geta notað hana mikið.“



**Bundin peysa** „Þessa er ég nýbúin að kaupa í versluninni Isis. Hún hentar vel á veturna yfir þunna boli eða kjóla. Hún er voðalega fin og það er gott að vera í henni.“



# KANNSKI VAR ÉG PRI

**Kjólakona!**

**Glæsileg** „Ég var að kaupa þennan kjól í Spútnik. Mig vantaði sviðsföt en hef ekki enn komið fram í þessum. Þetta er svolítið „gömlukonukjóll“.“



**Glamúr** „Það getur verið að ég hafi verið prinsessa í fyrra lífi, ég er svo rosalega hrifin af þínum kjólum. Þennan var ég að kaupa mér í Spútnik. Ég er alltaf að leita að fallegum fötum til að vera í þegar ég kem fram á sviði og mér bykir svo gaman að vera fin.“

Það er nóg að gera hjá mér þessa dagana,“ segir söngkonan Aðalheiður Ólafsdóttir eða Heiða eins og hún er yfirleitt kölluð.

„Nýja platan kom út í vikunni og svo er ég að syngja í sýningunni Nína og Geiri á Broadway.“ segir Heiða. „Þetta er algjör powersýning og Björgvin Halldórsson fer á kostum í henni. Ég hef ekki ennþá komist í að skipuleggja útgáfutónleika vegna plötunnar, en ég vona að ég komist í það fljótlega.“

Þetta er fyrsta sólóplata Heiðu og heitir hún Hluti af mér. Á plötunni er bæði að finna frumsamin lög og tökulög. „Ég var svo heppin að fá að vinna með Þorvaldi Bjarna sem er mikill snillingur,“ segir Heiða ánægð. Heiða syngur einnig á jólaþlötú í ár með þeim Nylonstúlkum, Jónsa, Friðriki Ómari, Birgittu Haukdal og Sveppa.

Heiða á mikið af fallegum fötum og það er greinilegt að hún er mikil smekkkona. Hún er ofsalega hrifin af kjólum sem eru svolítið öðruvísi og elegant. Hún er mikið fyrir glingur og fallega aukahluti, eins og veski og beltí. „Ég á fullt af aukahlutum og glingri, en er bara voða gjörn á að gleyma að nota það,“ segir Heiða.

„Skartið kaupí ég aðallega í versluninni Eik í Kringlunni, en þar leynist alltaf eitthvað smart.“

Ég er mikið jólabarn í mér og er þegar orðin mjög spennt fyrir jóluunum, enda stutt í þau,“ segir Heiða. „Svo er líka mikið af skemmtilegum verkefnum framundan hjá mér í vetur svo ég er bara mjög ánægð með lífið.“



**Vetrarjaki** „Þetta er rosa-lega hlýr og góður jakki sem ég keypti í Spútnik um daginn. Ég var ekkert endilega að leita að svona jakka, en ég bara kolféll fyrir honum.“



**Sérhannaður** „Stelpurnar í Uniform hönnuðu og saumuðu þennan kjól fyrir mig. Hann er í miklu upphaldi hjá mér og hefur verið notaður mikið.“



**Hrifin af pilsum** „Ein af mínum upphaldsbúðum er verslunin Eik í Kringlunni. Þetta pils keypti ég þar. Ég á góðan slatta af pilsum og nota þau bæði hversdags og finna.“

**Þægileg fót** „Mamma var að gefa mér þessa fínu peysu úr Spútnik og hvíti bolurinn er úr Vero Moda. Ég er mikið fatafrík og myndi ekki segja að ég sé einhver sérstök „týpa“. Mér þykja allir litir flottir og hef mjög fjölbreyttan smekk á fótum.“



# ENSESSA Í FYRRA LÍFI



**Skófrík** „Ég á mjög mikið af skóm, þetta er bara lítið brot af þeim. Það má segja að ég sé algjör skókona. Mér þykir erfitt að standast freistinguna þegar ég sé flotta skó.“

**Klassískar** „Ég var að kaupa mér þessar buxur í Isis. Þær eru klassískar og mjög þægilegar. Svo eru þær líka hlýar sem kemur sér vel í vetur.“



**Vesti** „Vestið keypti ég í versluninni Oasis, en hún er í miklu upphaldi hjá mér. Vestið nýttist við svo ótrúlega margt, hvort sem er pils eða buxur svo ég nota það mikið.“

## LÍFSSTÍLL

**Tignarleg** Halle Berry lítur miklu betur út í dag. Með sítt hár og alltaf í flottustu kjólunum.

**Lummuleg** Renée Zellweger var oft í stórum, þykkum peysum og ljótum buxum. Þetta dress er allveg einstaklega ljótt og skórnir passa engan veginn við fötin.

**Tískuskvísa** Renée í dag er ávallt stórglæsileg og er hún oftast í sniðnum kjólum.

**Debra Messing** Nei, þetta má ekki. Þetta er svona „pleather“-krókdíla dress. Algjör skandall.

**Falleg** Debra Messing er í dag ein smekklegasta konan í Hollywood.

# MEIRA TÍSKUVIT MEÐ ALDRINUM

**Skinn og meira skinn** Halle Berry er kannski með flottan líkama en þetta dress er út í hött. Hvað er málið með bikintoppinn?

Þessar leikkonur eru allar glæsilegar á sinn hátt og skipa stóran sess í Hollywood. En einu sinni voru þær ekki svona rosalega glæsilegar. Hér & nú tók saman nokkrar myndir af þessum frábæru leikkonum.

**Litli hippinn** Litla, sæta Drew Barrymore í fánlega ljótum bol og venjulegum gallabuxum og auðvitað með hippamerkið á lofti.

**Glæsileg** Dökkbláar gallbuxur og töff rúskinnsjakki.

**Blúnduhörmung** Catherine Zeta Jones var ekkert alltof smekkleg í gamla daga. Þetta blúndudress er hrikalegt.

**Girnileg** Hún Catherine er stórglæsileg í dag. Vel vaxin og girnileg.





## AFREKSFÓLKID NOTAR LEPPIN

*BLÓÐSYKUR Í JAFNVÆGI SKILAR ÁRANGRI*



jafnvægi - athygli - orka - vellíðan  
orkuhleðsla - úthald - bætiefni  
endurheimt - uppbygging



*- It tastes better -*

# KYNLÍFSTÓL OG TITR

ALVÖRU  
FÓLK



**Tantrabaunin** Er fest á úlnliðinn og þá breytist höndin í titrara.

# ANDI JÓL

**Samhentar systur**  
Ágústa, Anna María  
og Dagbjört vinna  
allar í Erotica shop.



## Ágústa Kolbrún Jónsdóttir er ung athafnakona. Hún rekur verslunina Erotica shop við Hverfisgötu og hefur gert það í fjögur ár.



**Fjölskyldufyrirtæki**  
Ágústa segir þann stuðning sem hún fær frá fjölskyldunni mikils virði.



**Öndin Ný og skemmtileg**  
græja á markaðinum.

Það var rosa góð stemning í opunarpartíinu," segir Ágústa Kolbrún Jónsdóttir, eigandi verslunarinnar Erotica shop við Hverfisgötu. Nýverið breytti Ágústa Erotica shop í tvær búðir, strákabúð og stelpubúð. „Ég var búin að vinna mikið í búðinni sjálf og heyrði það á stelpunum að þær vildu hafa mjúka en glæsilega hjálpartækjabúð til að fara í," segir Ágústa. „Við skiptum þessu bara svolítið niður. Í stelpubúðinni er mikið úrval af titurum, eggjum, undirfötum og öðru sem stelpurnar kaupa sér helst. Strákamegin erum við með örlítið grófara dót sem stelpurnar kaupa kannski síður, til dæmis spólur, dvd, gervipikur og margt fleira."

„Það má segja að þetta sé mjög fjölskylduvæn verslun," segir Ágústa og hlær. Yngri systur Ágústu, þær Anna María og Dagbjört vinna báðar í Erotica shop. Ágústa hefur rekið verslunina í fjögur ár með fyrrverandi sambylismanni sínum, en tók við fullum rekstri hennar í mars síðastliðnum. „Þabbi

kom með mér á sýningu sem haldin var í Berlín fyrir skemmstu," segir Ágústa. „Hann er svo frábær að það var rosalega gaman að hafa hann með. Það má segja að ég fái mikinn stuðning frá allri fjölskyldunni við rekstur búðarinnar og það þykir mér ómetanlegt."

Ágústa býður upp á heimakynningar á vörum úr búðinni. Það er mjög vinsælt í dag að fá kynningu á hinum ýmsu kynlífsleikföngum beint heim í stofu. Allir ættu að finna eitthvað sniðugt til að setja í jólapakkana. „Eftirspurnin er mjög mikil eftir heimakynningum," segir Ágústa. „Það myndast góð stemning þegar vinir eða vinnufélagar koma saman og skoða úrvalið sem í boði er."

Það nýjasta í kynlífs hjálpartækjunum segir Ágústa vera öndina, en hún er fyrir bæði kynin saman. Svo er það tantrabaunin. Hún er fest á úlniðinn og gerir höndina að titrara. Hljómar spennandi!

Texti: Sunna Finnbogadóttir DV-mynd Bjarni

# Björgvin Páll Gústavsson og Karen Einarsdóttir

**Handboltaást!**

**Ástfangin** Karen og Bjöggi eru búnir að vera saman í rúm tvö og hálf ár og það er alltaf jafn gaman hjá þeim.

*Ástarsagan*

**GETA HLEGID  
AÐ HVORT ÖÐRU**



**Á fullu** Bjöggi spilar með ÍBV og býr í Vestmannaeyjum. Hér er hann á fullu í markinu.

**ALVÖRU FÓLK**



**Bæði markverðir** Bjöggi spilar sem markvörður með ÍBV í handbolta og Karen með Fram.

**V**ið kynntumst í gegnum bróður hennar Karenar, en hann var með mér í unglingalandsliðinu í handbolta," segir Björgvin Páll Gústavsson handknattleiksmarkvörður hjá ÍBV.

„Það var verslunarmannahelgi. Karen var ekki í bænum. Við vorum samt í bænum að æfa. Ég fór heim til bróður hennar og Karen kom til tals í spjalli hjá okkur því hún er líka markvörður hjá Fram. Ég fór svo að senda henni sms og heyra í henni en svona var þetta í nokkra daga. Fljótlega eftir þetta fór ég út að keppa á Evrópumóti í Slóvakíu og við vorum ennþá bara í simasambandi þótt við hefðum aldrei hist," segir Björgvin sem býr nú í eyjum og er bakaranemi.

„Svo komum við heim tveimur vikum seinna og með titilinn með okkur. Það var fullt af fólki á flugvellinum að taka á móti okkur og meðal annars hún og fjölskyldan hennar því bróðir hennar var með mér í liðinu. Ég vil meina að hún hafi verið að taka á móti mér," segir Bjöggi og hlær. En þetta var í fyrsta skipti sem þau sáu hvort annað.

„Tveimur dögum seinna bauð ég henni heim til mín. Eftir það var ekki aftur snúið. Við eigum svo margt fleira sameiginlegt en bara handboltann.“

Bjöggi segist vera mikill matgæðingur og hefur gaman af því að elda góðan mat. Hann ætlaði upprunalega í kokkinn en

handboltinn leyfði það ekki. Sólarhringurinn er ekki nógu langur.

„Ég er búsettur í eyjum núna því ég skipti um lið. Hún kom ekki með mér því hún er í VVezló og ég vildi ekki vera að draga hana hingað. Þetta er erfitt en gengur samt mjög vel. Við erum í simasambandi á hverjum degi og ég spila um helgar í bænum. Það styrkir bara sambandið að þurfa að hafa aðeins fyrir því.“

Blaðamaður spyr Bjögga hvað það sé við Karen sem heillar hann. Hann er fljótur að svara: „Það sem heillar mig einna mest er að ég get hlegið að henni og hún að mér. Það er alltaf svo gaman hjá okkur.“



**Býr í Vestmannaeyjum** Bjöggi spilar nú með ÍBV og býr þess vegna í Vestmannaeyjum. Hann segir þau hittast um helgar en þau eru í daglegu simasambandi.

**Ketill Larsen  
listamaður og  
leikari ætlar að  
setja heimsmet  
í myndlist**

**Jólasveinn  
í hálfri öld!**

**Ketill Larsen Hefur leikið  
jólasvein frá árinu 1951.**

**MARGIR HALDA**

**AÐ ÉG SÉ ESKIMÓI**

### Halda að ég sé Eskimói

„Ég er svo lítið sérstakur í útliti og þess vegna halda margir að ég sé Eskimói.“

ALVÖRU  
FÓLK

Skógarpröstur!

### Finnst gaman að mála

Stefnir að heimsmeti með því að mála 200 myndir á einum sólarhring.

Margslungið ættartré „Ég er af sex þjóðernum. Ég er íslenskur, danskur, sænskur, þýskur, írskur og franskur.“

Ég ætla mér að slá heimsmet á næstu dögum,“ segir Ketill Larsen, listmálari og skemmtikraftur, sem ætlar sér að mála tvö hundruð myndir á einum degi. Ketill hefur verið lengi í bransanum og hefur meðal annars leikið Askasleiki sem hann kallar foringja jólasveinanna. Ketill hefur líka brugðið sér í gervi Tóta trúðs frá árinu 1970. „Ég er af sex þjóðernum. Er íslenskur, danskur, sænskur, þýskur, írskur og franskur,“ segir Ketill sem er greinilega stoltur af hinum ýmsu þjóðernum sem forfeður hans koma af.

### Lék Eskimóa

En hvað gerir Ketill þegar

hann er ekki að leika jólasveina eða Tóta trúð?

„Ég hef verið að dunda mér við að mála seinustu árin og held að ég sé kominn langt yfir fimm þúsund myndir. Ég hef líka verið að leggja fyrir mig signalistina og hef samið mikið af sögum.“

Ketill vakti fyrst athygli þegar hann lék Inok í Þjóðleikhúsinu. „Ég lék Eskimóa í þessu leikriti. Það voru gerðar kröfur um að leikaranir gætu hermt eftir fuglum og gætu gefið frá sér hljóð sem líktust stormi,“ segir Ketill og gefur blaðamanni tóndæmi í gegnum símann. Það verður að segjast að hljóðin sem hann gefur frá sér líkjast mjög skógarpresti og stormi. „Með þetta leikrit ferðu-

umst við til 19 landa og þetta var mjög skemmtilegt. Maður lærði margt á þessum tíma en við ferðu-umst með leikritið frá árinu 1973 til 1978,“ segir Ketill og heyrna má á honum að þetta leikrit er ljóslifandi í huga hans.

### Búinn að leika Tóta trúð í 35 ár

„Tóti trúður fæddist í kringum 1970 þannig að hann er orðinn 35 ára og hefur verið óbreyttur síðan nema hann er orðinn aðeins feitari“ segir Ketill og hlær. „Ég hef líka leikið jólasveininn Askasleiki frá því 1951 og ég segi hann foringja jólasveinanna enda býr hann í Skálafelli,“ segir Ketill og samkvæmt heimildum blaða-

manna hefur enginn á Íslandi leikið jólasvein lengur en Ketill.

### Stefnir á heimsmet

„Í fyrra málaði ég yfir þúsund myndir en í ár er ég kominn yfir tvö þúsund. Þetta eru allskonar myndir. Allt frá því að vera í póstkortastærð upp í vegleg málverk,“ segir Ketill en hann stefnir á að setja heimsmet á næstu vikum í málun myndna. „Ég ætla mér að mála tvö hundruð myndir á einum degi. Ég prófaði hundrað um daginn og var bara brot úr degi að klára það. Byrjaði klukkan hálf þrjú og hætti átta mínútur yfir ellefu um kvöldið,“ segir þessi magnaði fjöllista-maður að lokum.

Texti: Jón Mýrdal

Fróður!

ALVÖRU  
FÓLK

Kristinn Kristjánsson íslenskukennari sér um spurningakeppnirnar á Grand Rokki

SPURT UM ALLT MILLI HIMINS OG

JARÐAR OG STUNDUM ÚT Í GEIM LÍKA



**Logi Bergmann Eiðsson**  
Einn af fjölmörgum þekktum spurlum sem hafa tekið þátt í keppninni.



**Sigurður Kári Kristjánsson** Var spyrill í spurningakeppninni á Grand Rokki um síðustu helgi.

Ég hafði sjálfur staðið mig vel í keppninni nokkrum sinnum og var svo bara fenginn til þess að sjá um þetta," segir Kristinn Kristjánsson, íslenskukennari í Fjölbrotaskólanum í Ármúla. Kristinn hefur séð um vikulegar spurningakeppnir á Grand Rokki frá því í apríl á þessu ári en þær eru nú að renna sitt skeið. „Ég mun stjórna þessu út janúar þangað til staðurinn verður lagður niður. Eftir fyrsta febrúar er alveg óráðið hvað verður um keppnina," segir Kristinn en vonar þó að keppninni verði haldið áfram á nýjum stað.

„Ætli það sé ekki eftirminnilegast þegar ég spurði í fyrsta skipti og þegar ég vann í fyrsta skipti," segir Kristinn en spurningakeppnin á Grand Rokki hefur verið við lýði í riflega tvö ár og um 130-140 keppnir hafa verið haldnar.

„Það er alltaf mjög gaman að sjá hvað keppendur eru ótrúlega fróðir og spyrjendurnir líka." Spurningakeppnin hefur alltaf verið haldin stundvíslega klukkan hálf sex á föstudögum. „Þetta er fyrir alla og það er spurt um allt milli himins og jarðar, og stundum út í geim líka," segir Kristinn og hlær. Keppnin hefur verið nánast óbreytt í allan þennan tíma en var þó færð á efri hæðina svo allir kæmst fyrir. „Ég er nú svo óglöggur að telja en ætli það séu ekki svona hundrað manns að meðaltali sem sækja keppnina. Þessi tími hentar vel enda vinnuvikan búin. Þetta tekur um einn og hálfan tíma þannig að það er gott fyrir fólk að slappa aðeins af áður en það fer heim að borða," segir Kristinn að lokum og bætir við að þetta séu oftast mjög þrúðmannlegar samkomur.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal

**Með öli** Margir koma eftir vinnu og fá sér einn bjór yfir keppninni.



**Vel mætt** Það er mikið til sama fólkis sem mættir á keppnirnar. Hér má sjá vana spurningahauka.







# EINI SÚLUSTADURINN Á LANDINU

**Goldfinger** er eini miðkensstaðurinn á höfuðborgarsvaðinu.

Auk glæsilegra kvæna, erum við með mikið úrval vísiktegunda, óvöðs er boðið upp á annað eins.

Á **Goldfinger**, getur þú gengið að því visu að hópur guðfállegra kvæna frá fjölmörgum þjóðum danu leiki fyrir þig listir sínar og skemmti þér á ógleymanlegan hátt.

Komdu á **Goldfinger**, og njóttu þín í fánestri stemmningu öll kvöld frá klukkan 20.

# GOLDFINGER

# Laddi í Áramótaskaupinu og Ronju ræningjadóttur

## ÆTLAR EKKI AÐ LEIKA



**Pórhallur Sigurðsson**  
Fer með nokkur hlutverk í Áramótaskaupinu sem er í umsjá kvenna.



**Sáttur**  
Laddi hefur leikið í mörgum skaupum í gegnum tíðina.

**Fyndið skaup!**

Ég er staddur uppi í Öskjuhlíð. Við erum að taka upp „skaupið“,“ segir Pórhallur Sigurðsson en sennilega er hann best þekktur sem Laddi. Laddi hefur verið einn ástsælasti gamanleikari þjóðarinnar í 30 ár og það virðist ekki draga af honum. Hann kemur alltaf aftur enn ferskari og skemmtilegri en áður. Áramótaskaupið í ár verður

svokallað kvennaskaup og mun Edda Björgvins leikstýra því og meðal handritshöfunda er sjálf Helga Braga.

### Fyndið skaup

Hvernig finnst Ladda að vinna í svona kvennasakaupi? „Þetta er helvíti myndið. Allavega það sem ég er búinn að leika í og það sem ég hef séð. Ég verð

**Edda Björgvins**  
Leikstýrir Áramótaskaupinu sem er í umsjá nokkurra kvenna.

í svona tíu atriðum, kannski fleiri vegna þess að maður veit aldrei hvernig þetta endar,“ segir Laddi og á bak við hann má heyrja í Eddu Björgvins skipuleggja næstu töku. „Ég búinn að vera í Borgarleikhúsinu og hef verið að leika í Söllu Völlu og svo í

# RASSÁLF



**Nóg að gera** „Ég búinn að vera í Borgarleikhúsinu og hef verið að leika í Sölu Vólku og svo í Kalla á þakinu.“



**Alvarlegur** Það hljóta að vera gleðitíðindi fyrir þjóðina að sjálfur Laddi verði með í næsta skaupi og gamlárskvöld því mikið tilhlökkunarefni.



**Fyndið skaup** „Þetta er helvíti fyndið. Allavega það sem ég er búinn að leika í og það sem ég hef séð. Ég verð í svona tíu atriðum, kannski fleiri vegna þess að maður veit aldrei hvernig þetta endar.“

Kalla á þakinu. Ég verð svolitíð mikið í leikhúsinu í vetur og hef allveg nóg að gera. Til dæmis verð ég í Ronju ræningjadóttur. Þar leik ég ekki rassálf heldur á ég að leika þabba Ronju, hann Matthías. Verkið verður samt ekki frumsýnt fyrr en í febrúar,“ segir Laddi en segist líka vinna í sínu efni þegar laus tími gefst.

## Er frekar sjónvarpsmaður

Hvernig finnst þér svo að vinna á sviði miðað við að vera í sjónvarpi? „Það er náttúrulega allt öðruvísi að leika á sviði vegna þess að maður verður alltaf að spyrja aðra hvernig viðkomandi fannst þetta og hitt. Þetta er allt öðruvísi í sjónvarpi því þá getur maður bara horft á þegar maður er búinn að leika atriðið,“ segir

Laddi en tekur það fram að honum þyki mjög gaman að vera á sviðinu.

En hvað gerir Laddi þegar hann er ekki að leika? „Á sumrin stunda ég mikið golf og það gengur mjög vel. Ég er með 7,8 í forgjöf og ætla mér að koma því niður í sex næsta sumar. Ég er algjör aumingi ef ég næ því ekki,“ segir Laddi og hlær.

Blaðamaður springur sjálfur úr hlátri þegar þessi frægi gamanleikari hlær því þá rifjast upp margar af þeim fjölmörgu persónum sem Laddi hefur skapað í gegnum tíðina. Það hljóta að vera gleðitíðindi fyrir þjóðina að sjálfur Laddi verði með í næsta skaupi og gamlárskvöld því mikið tilhlökkunarefni.

# Jóhann Bachmann trommari í Skítamóral

## ÁSTRÍÐUFULLUR OG HUGSJÓNASAMUR



### Lesið í lófa

Elly Ármanns  
hjá spamadur.is les í  
lófa fræga fólksins.



Margir kunna að skilgreina lófa-  
lestur sem skilaboð örlaganna en  
við minnum á að hér er einungis  
um dægradvöl að ræða. Lófalestur  
krefst nákvæmrar skoðunar þar

Hendi Jóhanns segir frá eðliseiginleik-  
um hans, styrkleika og veikleika og  
ekki síst erfðafræðilegum þáttum  
hans.

**1 Höfuðlína:** Hér er um ástríðu-  
fulla manneskju að ræða. Höfuðlínan stendur líka fyrir  
viðskiptahæfileika og hug-  
myndaflug eiganda lófans. Þegar lóf-  
inn er skoðaður sést að höfuðlínan  
tengist ekki hjartalinunni sem segir að  
styrkur Jóhanns er mjög mikill en oft  
og tíðum dulinn þeim sem þekkja  
hann ekki. Hann virðist vera skræfi á  
undan öðrum og er reyndar oftast  
öðruvísi en aðrir í skapi, smekk og  
venjum. Maðurinn klæðir sig til dæmis  
til að geðjast sjálfum sér og engum  
öðrum. Hann skortir aldrei sjálfstæðan  
og framúrstefnulegan smekk (góður  
eiginleiki).

**2 Örlagalínan** segir til um lán-  
semi Jóhanns. Ef örlagalínan  
liggur frá úlnið tengjast fjármunir og  
veraldleg gæði viðkomandi. Lestur lín-  
unnar byggist á því hvar hún hefst og  
hvar hún endar í lófanum. Hér hefst örla-  
galínan í miðjum lófanum og endar  
rétt við hjartalinuna en hún sýnir Jó-  
hann sem óútreiknanlega manneskju  
sem er með annan fótinn í framtíðinni,  
með ævintýrlega fjaræn augu sem  
sjá margt en láta ekki neitt uppi. Hann  
er eins og hann er og við það verður  
hann að sætta sig (þegar hann gerir  
það rætast draumar hans einfaldlega  
á einni nóttu). Örlagalínan sýnir einnig  
að hann lætur ekki heillast af fortíðinni,  
heldur yfirstigur eigin takmarkanir ef  
svo má að orði komast. Hann treystir  
á líðandi stundu og hefur hæfileika til  
að sjá fyrir og skapa fegurri framtíð.

**3 Armbönd** myndast á þessu  
svæði hjá öllum; rendur eða  
línur, yfirleitt tvær eða þrjár. Ef  
línurnar eru mjög skýrar, eins og  
hjá Jóhanni, benda þær til líkamlegs  
styrks. Ef líflínan greinist að armbönd-  
unum, eins og greinilega í lófa hans,  
segir það til um ánægjurika, heilsu-  
góða og langa ævi. Hann er hjálpsam-  
ur, sanngjarn og mannelskur. Svo er  
ánægjulegt að sjá að hann leggur  
áherslu á heiðarleika í öllu sem hann  
tekur sér fyrir hendur því hann kýs að  
vera skyldurækinn, góður, traustur og  
ábyrgur. Vinir hænast að þessum  
hæfileikarika manni vegna þess hvað  
hann er víðsýnn og mikil hugsjóna-  
manneskja. Jóhann hefur lært að  
opna sig og yfirstigið ótta sinn við  
varnarleysi og afhjúpun og einmitt  
þess vegna er hann vissulega fær um  
að upplifa alsælu á tilfinningasviðinu.

sem línur og tákni sem koma fram í  
hendi hvers og eins þurfa ekki að  
koma fram hjá öðrum. Þegar lesið  
er úr lófa tengir maður saman upp-  
lýsingarnar sem hendurnar veita.



1

Fingurgómar

Höfuðlína

1

2

Örlagalína

3

Armbönd

Ragna Ragnars var sú fyrsta sem kjörin  
var fegursta stúlka Íslands, árið 1954.

Íslensk fegurðardís  
Akureyrarmærin Ragna  
Ragnars var kjörin fegurst  
íslenskra fljóða árið 1954.

DROTTNINGAR  
ÍSLANDS

Ævintýri!

# TITILLINN MÓTAÐI

# LÍF HENNAR

”...en pabbi setti það  
sem skilyrði að stóra  
systir mín kæmi með.”



**Fjölskyldukona** Ragna með einu barnabarna sinna á góðri stund.

**Fyrsta drottningin** Ragna fór suður með stóru systur sinni.

Út er komin bókin Brosað gegnum tárin. Þar er farið yfir sögu íslenskra fegurðardrottninga. Eftir að hafa séð bókina fékk Hér & nú þá hugmynd að tala við nokkrar þeirra sem kannski ekki allir muna eftir. Hér og á næstu síðum má sjá viðtöl við nokkrar áhugaverðar fegurðardrottningar fegurstu þjóðar heims.

Þetta var mikið ævintýri,“ segir Ragna Ragnars sem sigraði í fyrstu keppninni um titilinn Ungfrú Ísland, sem haldin var í Tívolí við Njarðargötu árið 1954. „Það var haft samband við mig að sunnan og ég beðin um að vera með,“ segir Ragna aðspurð um hvernig vildi til að hún tók þátt. „Það sem mér þótti mest spennandi við þetta allt saman var að fá að fara til Reykjavíkur, en pabbi setti það sem skilyrði að stóra systir mín kæmi með.“

**Fór suður með systur sinni**

Ragna bjó á Akureyri með fjölskyldu sinni og hafði áður verið kosin fegursta stúlka Menntaskólans á Akureyri. Foreldrum Rögnu þótti sitt um þátttöku hennar. „Pabbi sagði að sér þætti þetta bölvuð vitleysa,“ segir Ragna. „Við systurnar héldum suður og dvöldum á gistiheimili þar. Daginn eftir að keppnin fór fram var bankað hjá okkur snemma morguns. Við vorum ekki einu sinni komnar á fætur og þrættum um það hvor okkar ætti að svara. Ég staulaðist fram úr, enn á náttfötunum. Fyrir utan stóð maður með blómvönd sem óskaði mér til hamingju með að vera orðin Ungfrú Ísland.“ Þá um kvöldið voru veitt verðlaun og hlaut Ragna ferð til Frakklands og gjaldeyri.



**Ragna Ragnars Hélt** óhrædd á vit ævintýranna aðeins 19 ára gömul.

**Kláraði stúdentinn fyrst**

„Pabbi ráðlagði mér að biða með ferðina þar til ég hefði lokið stúdentsprófinu,“ segir Ragna, en hún var 19 ára gömul og átti eitt ár eftir. Ragna hélt svo til Parísar og fór í frönskunám. Það átti eftir að koma sér vel og Ragna gerði

frönskukennslu og þýðingar að sínu ævistarfi. Það má því segja að titillinn hafi mótað líf Rögnu því ferðin til Frakklands kynnti hana fyrir frönskunni. Í París vann Ragna við fyrirsætustörf með náminu og meðal annars tók hún þátt í fegurðarsamkeppni sem

haldin var á meðal stúdina þar sem hún lenti í þriðja sæti. „Maðurinn minn keypti bókina Brosað í gegnum tárin og mér líst vel á hana. Það er gaman að fletta í henni og rifja upp fyrri keppni,“ segir Ragna Ragnars ánægð með minninguna.



**Glæsileg!**

**Kirk Douglas** Bauð Sigríði upp í dans eftir frumsýningu myndarinnar *The Viking* í London.

**Sigríður Þorvaldsdóttir** Var kjörin Ungfrú Ísland árið 1958.

**DROTTNINGAR  
ÍSLANDS**

**Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona var kjörin Ungfrú Ísland árið 1958. Hún var þá aðeins 17 ára gömul og hafði þegar lokið hárgreiðslu- og leiklistarnámi.**



**DANSÆÐI VIÐ KIRK DOUGLAS**





**Fegurðardís Sigríður** dansaði við Kirk Douglas í London aðeins 17 ára gömul.

**Lék í Hollywood** Sigríður Porvaldsdóttir var þrjú ár í Hollywood og lék aðalhlutverk í sýningunni *Marriage Go Round*.

**É**g var of ung til að geta farið í keppnina í Bandaríkjunum, enda bara 17 ára gömul," segir Sigríður Porvaldsdóttir, leikkona og Ungfrú Ísland árið 1958. Í stað þess að fara í keppnina Miss Universe árið sem hún var kjörin Ungfrú Ísland, fékk Sigríður að fara til London til að vera viðstödd frumsýningu myndarinnar *The Viking*.

### Kirk var mjög sjarmerandi

Í London varð Sigríður fyrir skemmtilegri reynslu þegar leikarinn Kirk Douglas bauð henni, íklæddri íslenskum skautbúningi, upp í dans í boði sem haldið var eftir sýningu myndarinnar. „Jú, hann var mjög sjarmerandi," rifjar Sigríður upp og hlær. Hún hélt svo til Kaliforníu ári síðar, þegar hún hafði aldur til, og tók þátt í Miss Universe. „Það var æðislega skemmtilegt," segir Sigríður. „Ég dvaldi fyrst í New York í nokkra daga, en hélt svo til Kaliforníu."

### Þrjú ár í Hollywood

Þegar Sigríður tók þátt í Ungfrú Ísland var hún þegar útskrifuð leikkona og hafði lokið hárgreiðslunámi þrátt fyrir ungan aldur. „Ég dvaldi svo í Bandaríkjunum í fimm ár til viðbótar," segir Sigríður. „Ég var í þrjú ár í Hollywood við Estelle Harman Actors Workshop og í tvö ár dvaldi ég í Dallas í Texas. Þar starfaði ég hjá Dallas Theatre Center. Mér var svo boðið aftur til Dallas til að leika aðalhlutverkið í sýningunni *Marriage Go Round*. Þá var ég með starfssamning við Þjóðleikhúsið en fékk leyfi til að fara út og taka þátt í þessari sýningu. Það var virkilega skemmtilegt."

Nú getum við lesið allt um ævintýri þessarar glæsilegu og duglegu konu í nýttkominni bók um hana, í gyllum ramma, sagan af Sigríði Porvaldsdóttir leikkonu, en hún hefur í gegnum árin verið ein ástsælasta leikkona okkar Íslendinga.

# GLAS Í SKAUTBÚNINGI

Henný Hermansdóttir sigraði í fyrstu Miss Young International keppninni 1970

# ÓMETANLEG LÍFSREY

**M**inningin er ljóslifandi í huga mínum,“ segir Henný Hermansdóttir sem var krýnd Miss Young International árið 1970. „Það er ótrúlegt að liðin séu 35 ár síðan þetta gerðist.“ Henný tók þátt í fyrstu keppninni sem haldin var um þennan titil. Áður hafði hún starfað sem sýningarstúlka og stundaði dansnám og kennslu. Henný lítur til baka og segir þetta hafa verið skemmtilegan tíma í lífi sínu. „Það var virkilega þroskandi að taka þátt í þessari keppni,“ segir Henný. „Í kjölfar keppinnar ferðaðist ég um allan heim og það var tækifæri sem fáar stúlkur fengu á þessum tíma. Öll þessi ferðalög opnuðu augu mín fyrir ólíkri menningu og trúarbrögðum heims. Ég er ekki í vafa um að þetta hafi þroskað mig og gert mig viðsýnni í garð annars fólks.“ Henný tók sér frá dansnámi og kennslu á meðan á ferðalögum stóð, en byrjaði svo aftur þegar heim kom. Hún hefur starfað sem danskennari í 35 ár við hlið föður síns, Hermanns Ragnars Stefánssonar. Faðir Hennýjar hvatti hana til að nýta tækifærin sem henni buðust í kjölfar keppinnar og stappaði í hana stálinu ef hún var með heimþrá. „Hann minnti mig á hvað ég var heppin að fá að sjá heiminn og að ég ætti að reyna að njóta þess til hins ýrasta.“ segir Henný. Árið 1970 stóðu rauðsokkur á Íslandi í ströngu við að berjast fyrir jafnrétti kynjanna og gerðu athugasemdir við feðurársamkeppnir og sögðu þær leggja áherslu á útlitsdýrkun kvenna og gera þær að söluvöru. Henný fann fyrir nokkrum fordómum í sinn garð vegna þessa, en segist ekki hafa tekið það mikið inn á sig. „Fólk hefur rétt á sínum skoðunum og ég virði það.“ segir Henný. „Ég hafði bara gott af þessari reynslu og nýtti mér hana vel.“ Eftir keppnina og allt það sem kom í kjölfar hennar, fór Henný að vinna á Loftleiðum. Hún vann sem flugfreyja um tíma, stundaði eigin rekstur og ýmislegt fleira. Hún gifti sig og á tvö börn og eitt barnabarn. Í heildina er Henný ánægð með að hafa tekið þátt í Miss Young International og segir það vera reynslu sem hefur nýst henni í lífinu.

Skemmtilegt!



**Miss Young International Faðir**  
Hennýjar hvatti hana til að nýta tækifærin sem hún fékk.

DROTTNINGAR ÍSLANDS

**Henný Hermansdóttir** Sigraði í Miss Young International árið 1970. Hér er hún lengst til hægri, nýkrýnd, fulltrúi ungu kynslóðarinnar 1968.

Texti: Sunna Finnbogadóttir H&N-mynd E.ÓI

# NSLA

# VAR UNGFRÚ ÍSLAND

## Í TVÖ ÁR

Glæsileg Elísabet var Ungfrú Ísland í tvö ár.

DROTTNINGAR ÍSLANDS

Elísabet Traustadóttir var kjörin Ungfrú Ísland árið 1980 og bar titilinn í tvö ár þar sem engin keppni var haldin árið eftir

Lífsreynsla Henný kynntist ólíkri menningu um allan heim á ferðalögum sínum.

Falleg!

Blómarós Elísabet var verðugur fulltrúi Íslands.



Þetta var bara virkilega skemmtileg reynsla," segir Elísabet Traustadóttir sem var kjörin Fegurðardrottning Íslands árið 1980. Elísabet keppti fyrir Ísland hönd í Ungfrú Skandinavíu, Miss Europe og Miss Universe. Engin Ungfrú Ísland-keppni var haldin árið 1981, svo Elísabet hélt titlinum í tvö ár.

„Það sem ég græddi á þessu öllu saman var aukið sjálfsöryggi og svo fékk ég mikla hvatningu frá öllum," segir Elísabet. „Það var líka rosalega gaman að fá að ferðast svona mikið og skoða heiminn.“

Elísabet segist hafa orðið fyrir ónæði eftir keppnina frá fólki sem þótti fegurðarsamkeppnir vera lítillækkandi fyrir konur. „Það var hringt heim til mín á öllum tímum sólarhringsins og verið að skammast í mér," segir Elísabet. „Þetta var auðvitað þreytandi, en ég lét það ekkert á mig fá.“ Það þarf örugglega stáltaugar til að þola athyglina sem

beinist að manni eftir fegurðarsamkeppni. „Ég er auðvitað svolítið athyglissjúk," segir Elísabet og hlær. „Ætli það séu það ekki flestir sem taka þátt í þessu.“

Tveimur árum eftir að hún var kjörin Ungfrú Ísland kynntist Elísabet manni sínum, Sigurði Mattíassyni, en hann var kosinn Herra Útsýn 1983. Þau héldu til náms í Bandaríkjunum þar sem Elísabet lærði fjölmiðlafræði og grafíska hönnun. Þegar þau komu heim úr námi fluttu þau með sér rúmdýnur og stofnuðu upp úr því fyrirtækið Svefn og heilsu sem þau reka enn í dag.

„Já, við erum búin að vera uppi í rúmi síðan 1986," segir Elísabet í léttu gríni. Þau hjónin Elísabet og Sigurður eiga saman fjögur börn.

„Mér hefur alltaf þótt gaman að fylgjast með hvers kyns keppnum, hvort sem það eru fegurðar- dans- eða íþrótta-keppnir," segir Elísabet, en hún fylgist með Ungfrú Ísland-keppninni eins og hún getur.

Texti: Sunna Finnbogadóttir

# Nýjasta stjarnan í Húsdýragarðinum



**Eldur** Jón segir að mikilvægt sé að fara varlega í kringum nautið enda ekkert grín ef svona flykki hjólar í fólk.

**Skapgóður!**

**Flottur** Eldur er ungur og vegur nú um 500 kíló. Guttormur var mest 943 kíló.

## ELDUR ER ARFTAKI GUTTORMS



**Skapgóður** „Hann virðist vera mjög rólegur og tekur nýja heimilinu mjög vel.“



**Étur mikið** „Eldur þarf bara að éta hey eins og hann getur í sig látið og fóðurbæti líka. Hann hefur það mjög gott.“



Já, hann er búinn að vera hjá okkur í viku,“ segir Jón Gíslason, yfirdýrahirðir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, um nýjasta íbúa garðsins, nautið Eld.

Eldur er arftaki hins landsfræga Guttorms sem hefur verið aðalaðráttarafl garðsins í mörg ár. „Við Guttormur vorum góðir vinir en hann hafði einstaklega gott geðslag,“ segir Jón en Guttormur dó fyrr á þessu ári.

En hvernig er Eldur í skapinu?

„Hann virðist mjög rólegur og tekur nýja heimilinu mjög vel,“ segir Jón og virðist bara kunna vel við nýja nautið.

### Börnum líkar við Eld

Jón er menntaður búfræðingur þannig að hann ætti ekki að vera í vandræðum með að hafa stjórn á nýja nautinu sem er um 500 kíló. „Guttormur var þyngstur 943 kíló en ég veit ekki hvort Eldur muni ná því,“ segir Jón og áréttar að þyngd-in sé nú ekkert keppikefli. „Við leggjum mesta áherslu á að skapið sé í lagi. Við rennum svoltið blint í sjóinn með hvernig þeir taka þessum nýju heimkynnum.“

Jón segir að mikilvægt sé að fara varlega í kringum svona naut enda ekkert grín ef svona flykki hjólar í fólk. „Börnunum líst mjög vel á nýja nautið. Þau eru svona búin að fá að vita allt um aðdragandann að þessu. Það er erfitt að fá annan Guttorm, sem var alveg sérstakur og ótrúlega geðgóður, en svona er gangur lífsins og hann var orðinn mjög gamall af nauti að vera.“

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal





# Vectavir á frunsuna

Handhæg vörn, þægileg í veskið.



Fæst án  
lyfseðils!

## Viltu losna við frunsuna?

Vectavir verkar frá byrjun einkenna.  
Vectavir verkar einnig á blöðrur.  
Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.  
Vectavir krem 2 g án lyfseðils.

# Vectavir ... í veskið!

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá stingi eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skiðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclóvír, famciclóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittimi stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



**Jólasnákökur**  
Einfaldar og ljúffengar.

**B**akameistarinn Ragnar Rögnvaldsson í Bakaranum á hjólinu í Álfheimum deilir með lesendum. Hér og nú uppskrift að girnilegum snákökum sem renna ljúft niður með heitum kakóbolla á köldum degi í desember.

### Raggaboltar

- 1 bolli sykur.
- 1 bolli púðursykur.
- 1 bolli mjúkt smjör.
- 2 stk stór egg.
- 2 tsk vanilludropar.
- 2/3 bolli kakó.
- 1/2 tsk. matarsódi.
- 2 bollar rjómasúkkulaði, smátt saxað.
- 1/2 bolli lakkrisurl.

Byrjið á að þeyta saman í skál sykur, púðursykur og smjör. Bætið eggjunum út í, öðru í einu og hrærið á milli. Setjið vanilludropana út í og hrærið þar til blanda er orðin ljós og létt. Loks skal setja kakóið, matarsóðann, rjómasúkkulaðið og lakkrisurlíð út í skálina og hræra allt vel saman. Mótið litlar kúlur úr deiginu og setjið á ofnplötu með bökunarpappír. Hafið gott bil á milli kúlanna því þær renna örlítið út á plötunni. Bakið við 180°C í 8-10 mínútur.

Njótið vel!

*Sex vikur til jóla!*

Svartar jólaskreytingar eru ekki alveg það sem við eigum að venjast. Í Blómavali er að finna mikið úrval af skemmtilegu svörtu jólaskrauti í bland við það hefðbundna. Ómar Ellertson blómaskreytir sagði okkur aðeins frá því sem er „inni“ í jólaskrautinu í ár.

# SVÖRT, HVÍT OG ELEGANT JÓL

Jólin koma!

Ómar Ellertsson  
Blómaskreytir í  
Blómavali.

Jólin á nýfiskulegan hátt Tiskusveiflur eru í jólaskrautinu eins og öðru.



Jólalegt Svart getur komið vel út í bland við silfur.



Mér þykja jólin voða skemmtileg," segir Ómar Ellertsson, blómaskreytir í Blómavali. Það nýjasta í jóla-skrautinu eru svartir skrautmunir.

„Það er búið að vera mjög mikið svart og hvítt í fatatískunni undanfarið," segir Ómar og bætir við:

„Tiskusveiflur í gjafavörum og skreytingum fylgja oft fatatískunni. Núna er svart, hvítt og silfur mikið inni. Um síðustu jól var allt í hvítu og silfrudu.“

Það er mjög glæsilegt yfirbragð á jölunum í ár. Svartar fjaðrir, svört kerti, stórir silf-

urkertastjakar og það nýjasta, jólatré alsett litlum speglalflisum. Það má segja að þetta sé mjög hentug tiskusveifla í jóla-skrautinu, hægt er að hafa margt af þessu skrauti uppi við allan ársins hring.

„Við erum auðvitað líka með þetta hefðbundna græna og rauða jóla-skraut, en þetta er skemmtileg viðbót við það," segir Ómar. Það má segja að þetta sé frekar elegant jólastíll. Hægt er að fá svört og hvít fjaðurljólatré og svartar jólakúlur með silfur-glimmeri í Blómavali. Risastórir, silfurlitir kertastjakar og glærir

plastkristallar gleðja augað í vetrarmyrkrinu.

„Nú fer ég bara að skoða hvaða vörur við tökum inn fyrir jólin 2006," segir Ómar aðspurður hvað sé framundan. Það er nóg að gera hjá honum þessa dagana enda er stutt í jólin. Það fer vel um Blómaval í nýja hús-næðinu sem er bæði vatns- og vindhelt. „Maður saknar auðvitað Sigtúns, en það fer svo vel um okkur hér að við erum hæst-ánægð," segir Ómar að lokum og heldur áfram að koma skrautinu á sinn stað.

Texti: Sunna Finnbogadóttir





# ERTU KAUPSJÚK?



PRÓFIÐ

## 1. Hversu oft í mánuði verslarðu þér fót?

- 0-2 (bara þegar ég þarf þess).
- 3-6 (fer í gegnum svona tímabil).
- 7+ (þetta er bara ákveðinn lífsstíll).

## 2. Þegar þú gengur inn í verslun þá:

- Þekkirðu starfsfólkið með nafni og gengur aldrei tómhent út.
- Ertu eins snögg og þú getur að klára það sem þú þarft að gera og drífur þig svo út.
- Nýturðu þess að skoða, jafnvel þótt þú kaupir ekkert.

## 3. Hefurðu einhvern tíma logið um verslunarferðir þínar?

- Ekki kannski logið, kannski bara hagrætt sannleikanum smá.
- Ó, já! Vinir mínir og fjölskylda myndu láta leggja mig inn ef þau vissu sannleikann!
- Nei, aldrei. Það myndi ekki hvarfla að mér.

## 4. Þegar þú sérð útsölskilti í búðarglugga þá:

- Labbarðu framhjá, það er örugglega eins og í dýragarði inni í búðinni!
- Kíkirðu aðeins inn til að athuga hvort það er eitthvað af „óskalistanum“ þínum á útsölnni.
- Þú svífst enskis! Treður þér inn og ryðst yfir gamlar konur og lítil börn til að komast að sem fyrst!

## 5. Þú nýtur þess að eyða frítíma þínum í að:

- Fá þér að borða með vinkonunum, skoða í búðarglugga, fara á listasöfn eða í leikhús.
- Kaupa skó, kaupa veski, kaupa jakka, kaupa pils, kaupa eitthvað!!
- Stunda garðrækt, lesa, hlusta á tónlist og að heimsækja vini.

## 6. Draumhúsið þitt inniheldur:

- Sundlaug, líkamsræktarsal, stóra skápa og svalir.
- Rísa svefnherbergi með 12 fataskápum með tölvustýrðu flokkunarkerfi yfir skóna mína og veski.
- Mjög stórt eldhús, fallegan garð og auka-herbergi fyrir gesti.

## 7. Mér þykir skemtilegast að hitta vinkonurnar í hádegismat:

- Heima hjá mér.
- Á Kaffi Nauthól.
- Á Stjörnutorgi í Kringlunni.

## 8. Hefurðu einhvern tíma keypt þér fót eða fylgihluti sem þú hefur ekki efni á?

- Nei, ég kaupi ekki hluti sem ég hef ekki efni á.
- Já, en ég fæ samviskubít yfir því.
- Já, daglega.

## 9. Þú ert stödd á útsölu. Þú varst að ná í síðasta parið af heitustu skónum í vetur þegar besta vinkona þín hringir og er í mikilli ástarsorg. Hvað gerir þú?

- Þú kaupir skóna samt því þú veist að hún myndi vilja það.
- Sleppir skónum strax og flýtir þér til hennar að reyna að stappa í hana stálinu.
- Biður afgreiðsludömunu að geyma skóna fyrir þig.

## 10. Þú flokkar það undir neyðartilfelli þegar:

- Þú strandar á eyðieyju.
- Veskinu þínu er stolið.
- Hællinn brotnar af upphalds skónum þínum.

**Ertu kaupsjúk? Eyðirðu meira í fót í hverjum mánuði heldur en þú eyðir í húsnæði? Hefurðu hringt þig inn veika til að komast á svakalega útsölu? Er sölufolk fyrir þér eins og fjölskylda? Ef þú svarar þessum spurningum játandi ertu mjög líklega kaupsjúk! Taktu prófið til að komast að því á hversu háu stigi þú ert.**

## Blátt

### GLUGGAGÆGIR

Þú ert jarðbundin og kaupir þér bara það sem þig vantar nauðsynlega. Þú ert nýtin og hugsar vel um aurana. Þú átt ekki í vandræðum og ert ekki kaupsjúk.

## Gult

### TILBOÐSFRÍK

Þú verður að fara varlega til að missa þig ekki. Þú verslar greinilega frekar mið og þarft aðeins að passa þig. Það er auðvelt að fara fram úr sér í þessum efnum. Þú værir ágæt á svona 2 fyrir 1 útsöllum.

## Rautt

### OFURSJOPPARINN

Þú ert kaupsjúklingur á háu stigi! Allur þinn peningur fer í það að kaupa alls kyns óparfa sem þú þarft ekkert á að halda. Þú svífst einskis og veður yfir hvern sem er þegar þú ert í mestu vímunni. Þetta getur bara endað með gjaldþroti eða innlögnum á geðdeild!



# Skýr smoothie

S K Y R D R Y K K U R

KEA-skyr Smoothie er skyrdrykkur sem byggir á hollustu KEA-skyrs og inniheldur náttúrulegar trefjar og er nánast fitulaus. Hann er ríkur af hágæða mysupróteinum og inniheldur fáar hitaæiningar.

KEA-skyr Smoothie er gerður fyrir fólk sem stundar heilbrigðan lífsstíl og er annnt um hreysti og gott útlit.



Hágæða prótein

Nánast fitulaus

Náttúrulegar trefjar

## 1 Föndrar

„Ég föndra heima hjá mér. Klippimyndir, teikningar og málverk.“



## 2 Líður vel þegar öðrum líður illa

„Ég æfi brasilískt jiu-jitsu og líður einstaklega vel þegar mér tekst að valda andstæðingi mínum sem mestum óþægindum.“

## 3 Notar sjaldnast handklæði

„Ég hristi mig og slæ af mér vatnið. Reyndar ekki spurning um prinsipp heldur gleymi ég bara alltaf handklæði.“

## 4 Meikar Tor-tímandann


„Mér finnst Terminator 2 betri en Star Wars, Godfather og allar myndir eftir Stanley Kubrick, Alfred Hitchcock eða Orson Welles.“

## 5 Laug að Séð og heyrt

„Ég var bara 19 ára þegar Séð og heyrt sagði frá tvítugsafmælinu mínu, en áfengislög landsins leyfðu mér ekki að segja sannleikann.“

## 6 Elskar Nonnabita

„Mér finnst nauta- og ostabátur með steiktum sveppum auðveldlega jafnoki Hafs og haga réttins á Humarhúsinu.“



# 10 hlutir sem þú vissir ekki um mig...

Rapparin Ágúst Bent talar meðal annars um Terminator 2, föndur, tannleysi og sundhæfileika sína.

## 7 Með ónýtar tennur

„Ég held að ég eigi ekki eina heila tönn eftir, en hef bara ekki efni á tannlækni.“



## 8 Safnar DVD-myndum

„Ég á nokkuð gott safn DVD-mynda sem ég raða upp eftir gæðum.“

## 9 Hélt upp á Ladda

„Fyrsta platan sem ég keypti mér var Of feit fyrir mig með Ladda á vínul. Sigildi smellurinn „Ég er afi minn“ var á b-hliðinni.“



## 10 Kann ekki að synda

„Ég get svosem haldið mér á floti, en á vægast sagt mjög erfitt með að komast frá bakka til bakka.“

# HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.9



	1	2	3		4		5			
				6			7	8		
	9			10		11				
	12			13		14		15	16	17
18		19		20		21	22		23	
24			25		26		27			
28			29	30	31		32	33		34
	36	37				38		39		
40					41		42			43
		45	46	47	48			49	50	51
53						54		55	56	
			59						60	
			61			62	63		64	



## LÁRÉTT

- 1 BATI (3)
- 4 HÁR (3)
- 7 TVEIR EINS (2)
- 9 UNG (2)
- 10 TIL SÖLU (5)
- 12 LARFAR (6)
- 14 PÍLA (2)
- 15 ROTNA (4)
- 18 MAÐK (3)
- 20 TVEIR EINS (2)
- 21 BÓKSTAFUR (3)
- 23 FRUMEIND (4)
- 24 ÚTIHÚS (4)
- 26 KEYRA (3)
- 27 NEGLA (5)

- 28 KUSK (2)
- 29 MÆLIEINING (3)
- 32 ÍLÁT (3)
- 34 POTÁ (3)
- 36 UNDIRFLÍK (6)
- 39 MÁLGLÖÐ (6)
- 40 BUNDIÐ (4)
- 41 BANNHELGI (4)
- 43 STÖK (3)
- 45 KÖF (3)
- 48 KLAUFINN (6)
- 51 SVELGUR (3)
- 53 ENDURTEKNING (5)
- 54 KOSNING (3)
- 56 SLÁ (2)
- 57 HVÍLD (3)

## LÓDRÉTT

- 1 VISAÐ (4)
- 2 BILLET (5)
- 3 TIL DÆMIS (2)
- 4 LIÐA VEL (3)
- 5 JARÐFNI (4)

- 6 DÁÐ (5)
- 8 HLJÓTA ARF (4)
- 11 HJÓR (3)
- 12 TRÝNI (6)
- 13 ÖHREINKA (3)
- 16 ÚTFALL (5)
- 17 ANGRA (3)
- 18 SKAMMSTÖFUN (3)
- 19 ELDSNEYTI (2)
- 22 AT (3)
- 25 TEGUND (4)
- 27 FRJÓ (3)
- 30 HLUTAFÉLAG (2)
- 31 FÆÐA (4)
- 33 FUGL (4)
- 35 ELSKAR (3)

- 37 UNGDÓMUR (4)
- 38 EFNI (3)
- 40 ANDLIT (3)
- 42 ÖRK (4)
- 43 SITJA EINN AÐ (6)
- 44 HREYFING (2)
- 46 ARÐA (4)
- 47 HRAÐAÐ (5)
- 49 NÚMER (2)
- 50 TIL SAUMA (3)
- 52 HÁSTÉTT (4)
- 54 ÓSKAR (4)
- 55 HORFÐU (4)
- 58 MJÓLKURVARA (4)
- 63 GAT (2)
- 64 FLAN (2)

*hér & nú*

**STÚLKAN**  
**Sigríður Sif**  
**18 ára**

**S**igríður Sif er 18 ára glaðleg sveitastúlka sem býr á Dalvík með kærasta sínum. Hún vinnur í frystihúsinu á Dalvík en utan vinnunnar finnst henni skemmtilegast að dansa. Hún hefur æft samkvæmisdansa og vekur mikla athygli á skemmtistöðum fyrir dansfimi og léttleika, en hún fer alltaf reglulega út um helgar að skemmta sér og hafa það gaman.

Salt þú inn í svefninn  
**RB** RÚMI



Hjónarúm  
 180x200 cm  
 Verð frá kr.

**74.100,-**  
 án dyngja



Nolte rúm  
 Verð frá kr.

**58.000,-**  
 án dyngja  
 160x200 cm

## Úrvalið er hjá RB

Hjá okkur er fjölbreytnin í fyrirrúmi. Þú velur það sem þér hentar: Springdýnur, tvöfaldar fjaðradýnur, sérhannaðar sjúkradýnur með varmaklæðningu eða Super deluxe og Grand deluxe springdýnur með tvöföldum mjúkum yfirmottum.



Sælurúm



Verð frá kr.

**160.000,-**

Stærðir: 80-90-1.20-1.30 cm.



Sængurfatnaður og fylgihlutir

Rúmteppi, púðar, pílar, sængurverasett, lök, dýnuhlifar, náttborð, kommóður og margt fleira.

Opið á  
 laugardögum  
 kl. 10-14



**RAGNAR BJÖRNSSÓN** ehf.

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.

Dalshrauni 8

220 Hafnarfirði

Sími: 555 03 97

Fax: 565 17 40

www.rbrum.is

L' O R

Finnst þér þú líta vel út?

## HYDRA ENERGETIC

VINNUR GEGN ÞREYTUMERKJUM  
RAKAGEFANDI NÆRING



É

A

L  
PARIS

Henni finnst þú þreytulegur.

**Þreytumerki, líflaus húð, merki um langan dag? Gerðu eitthvað!**  
**Hydra Energetic, rakagefandi næring með C-vítamíni.**



Húðin fyllist orku.  
Húðin styrkist.  
Heilbriggt útlit allan daginn.



Fitulaust innihald, klístrast ekki.  
Berið á eftir rakstur, hefur róandi áhrif á húðina.

[www.lorealmen.com](http://www.lorealmen.com)

L'ORÉAL  
PARIS  
menexpert

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ LÍKA SKILIÐ



# Fallegt og vinsælt danskt jólaskraut

verð aðeins kr. 1.250.- í fallegum gjafapakka

menu



Á aðventukertin



9. Laufblað



10. Rugghestur



1. Gjafapakki



5. Jólatré



11. Snjó Korn



2. Stjarna



6. Tromma



12. Slaufa



3. Mistilteinn



7. Engill



4. Hjarta



8. Jólahafur



Tékk  
**KRISTALL**

www.tk.is  
ERUM FLUTT ÚR FAXAFENI Í KRINGLUNA

ER AÐEINS Í KRINGLUNNI